


SHALDOR  
skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Lífið



Græddu á gulli á Grand Hótel  
13., 14. og 15. apríl frá kl 11:00 til 19:00



Staðgreiðum  
allt gull,  
silfur, demanta  
og vönduð úr.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

13. apríl 2012  
86. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## Klúbbarnir kjósa

Greta og Jónsi fara vel af stað í kosningu alþjóðlegra Eurovision-klúbba.

popp 38

## Föstudagurinn þrettándi

Margir eru logandi hræddir við það þegar þrettándi dag mánaðarins er föstudagur.

tímamót 20




## Ferskari en áður

Kolbeinn Sigbórsson er kominn á fulla ferð á nýjan leik með Ajax.

sport 34

## veðrið í dag



HÆGUR VINDUR af austri á landinu í dag og víða bjart með köflum en stöku el eða slydduél við S- og SV-ströndina. Frost 0-7 stig en 0-5 stiga hiti S-til.

VEÐUR 4

# Ólafur og Þóra hnífjöfn

Ómarktækur munur er á stuðningi við Þóru Arnórsdóttur og Ólaf Ragnar Grímsson samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Bæði mælast með stuðning um 46 prósent. Aðrir sem lýst hafa yfir framboði komast varla á blað.

**KÖNNUN** Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi og Ólafur Ragnar Grímsson, sitjandi forseti, njóta hvort um sig stuðnings um 46 prósent þjóðarinnar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Aðrir frambjóðendur komast vart á blað.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, sem gerð var á miðvikudags- og fimmtudagskvöld, fengi Ólafur Ragnar um 46 prósent atkvæða yrið gengið til forsetakosninga nú.

Þóra Arnórsdóttir hefur afgerandi forskot á aðra frambjóðendur sem bjóða sig fram gegn sitjandi forseta, og fengi samkvæmt könnuninni um 46,5 prósent atkvæða.

Aðrir frambjóðendur njóta mun minni stuðnings. Um 2,9 prósent


þeirra sem afstöðu taka í könnuninni segjast myndu kjósa Herdís Þorgeirsdóttur og 1,5 prósent styðja Ástþór Magnússon. Jón Lárusson fengi samkvæmt könnuninni 1,2 prósent atkvæða og Hannes Bjarnason 0,4 prósent.

„Ég sé fram á hörkuspennandi forsetakosningar,“ segir Grétar Þór Eysteinnsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskólann á Akureyri. Hann segir niðurstöðurnar hljóta að gefa Þóru byr í seglin, en að sama skapi hljóti þær að vera verulegt áhyggjuefni fyrir Ólaf.

Þóra nýtur meiri stuðnings meðal kvenna en Ólafur, en fleiri karlmenn styðja Ólaf en Þóru. Ólafur Ragnar nýtur hins vegar meiri stuðnings á landsbyggðinni, en Þóra er með sterkari stöðu á höfuðborgarsvæðinu. - bj / sjá síðu 8

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins

HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 11. OG 12. APRÍL 2012



**BALLIÐ BYRJAD** Stærsta ishokkímót sem haldið hefur verið á Íslandi hófst í Laugardalnum í gær. Ísland spilaði fyrsta leikinn gegn Nýja-Sjálandi en leikirnir eru liður í A-riðli 2. deildar heimsmeistaramótisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Rannsaka áhrif vaktavinnu: Vaktirnar auka líkur á offitu og sykursýki

**VÍSINDI** Vaktavinna hefur umtalsverð áhrif á líkamann, og getur meðal annars aukið líkur á offitu og sykursýki, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem birtar eru í bandarísku vísindarititi.

Fólk sem vinnur vaktavinnu og sefur á ólíkum tímum sólarhringsins hvílir almennt verr. Það hefur þau áhrif að líkaminn á erfðara með að stjórna blóðsykrinum í líkamanum.

Rannsóknin leiddi í ljós að fólk sem byrjaði í vaktavinnu fitnaði frekar en aðrir, og framleiddi minna insúlín. Afleiðingarnar voru í sumum tilvikum þær að fólk þróaði með sér einkenni sykursýki. - bj

Ekki mun reyna á 18,5 milljarða króna sölutryggingu Landsbankans:

## Skuldabréf í Hörpu eru uppseld

**VÍÐSKIPTI** Landsbankinn hefur selt 18,5 milljarða króna skuldabréfaútgáfu sem ráðist var í til að endurfjármagna byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Stjórn Totusar, sem á fasteignina Hörpu, tók tilboði Landsbankans um að sjá um útboðið 13. mars síðastliðinn.

Landsbankinn sölutryggði enn fremur bréfin en nú er ljóst að ekki reynir á þá tryggingu. Heimildir Fréttablaðsins herma að kaupendurnir séu að stærstum hluta lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar.

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Totusar, staðfestir að öll útgáfan sé seld.

„Það er verið að vinna pappirs-



**17** milljarðar eru upphæð lánsins sem Arion banki og Landsbankinn lánuðu til fjármögnunar á byggingu Hörpunnar.

vinnuna núna og við stefnum að því að þessu verði formlega lokið um miðjan júní. Við erum búnir að setja okkur þessa dagsetningu.“

Totus er í eigu Portusar ehf. sem er dótturfélag Austurhafnar-TR. Það félag er 54 prósent í eigu íslenska ríkisins og 46 prósent í eigu Reykjavíkurborgar.

Samstæðan tók sambankalán hjá íslenskum bönkum í janúar árið 2010 til að fjármagna byggingu Hörpunnar að fullu. Lánið, sem Arion banki og Íslandsbanki veittu, var upp á 17,1 milljarð króna og kostaði eigendur Hörpunnar um einn milljarð króna á ári í kostnað.

Þá lánuðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg samstæðunni 730 milljónir króna í lok síðasta árs til eins árs. Þegar skuldabréfaútgáfunni er lokið verða bæði þessi lán greidd upp að fullu. - þsj

**HLEÐSLA** 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

NÚ EINNIG MED BRÓMBERJABRAGÐI



PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF



MS.IS

Uppskrifin að föstudagspizzunni er á [gottimatinn.is](http://gottimatinn.is)



Rússneski píanósnillingurinn  
**Arcadi Volodos**  
Harpa, Eldborg  
20. maí



# Miðasala er hafin

## Fjölbreytt dagskrá Listahátíðar

Franski tónlistarmaðurinn  
**Yann Tiersen**  
Harpa, Norðurljós  
31. maí



Ástriðufulla röddin  
**Buika**  
Harpa, Eldborg  
3. júní




**Kammersveitin**  
flytur Bach svítturnar undir  
stjórn Richard Egarr  
Harpa, Eldborg  
20. maí

**Íd og GusGus**  
bjóða í ferðalag fyrir öll  
skilningarvitin  
Harpa, Norðurljós  
18. og 19. maí



**Bryan Ferry**  
Harpa, Eldborg  
27. og 28. maí



**Flakk**  
Tónleikaprenna  
í Kaldalóni.  
Tónskáld: Anna  
Þorvaldsdóttir,  
Berglind María  
Tómasdóttir og  
Páll Ragnar  
Pálsson  
Harpa, Kaldalón  
23. maí,  
1. og 2. júní



Norræni leiklistarviðburður ársins  
**Bræður -  
fjölskyldusaga**  
Vesturport - Borgarleikhúsið  
1. og 2. júní



**Hljómskálinn**  
Harpa, Eldborg  
2. júní



Verðlaunasýning  
frá Sviss  
**Pétur  
Gautur**  
Þjóðleikhúsið  
30. maí



**Bliss**  
Ragnar Kjartansson  
Þjóðleikhúsið  
21. maí



**Anna,  
Tinna og  
tveir  
flyglar**  
Norðurljós  
3. júní



**...og fjöldi  
annarra viðburða.**

**Kynntu þér  
fjölbreytta dagskrá  
á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)**

**Ljóðatónleikar  
Christoph  
Prégardien**  
Harpa, Norðurljós  
27. maí



**Splunkuný leikrit**  
á óvenjulegum sýningarstöðum  
21. - 26. maí



Miðasala á alla viðburði hátíðarinnar á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)  
Miðasölusími: 561 2444 / Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050



**Listahátíð í Reykjavík 2012**  
Reykjavík Arts Festival  
18. maí - 3. júní



# Ljúffengt og gott!

**TILBOÐ**  
**20%**  
afsláttur við kassa

**KJÚKLINGA**  
**LUNDIR**  
**2.284** kr/kg.  
Verð áður 2.854.-

## CREOLE KJÚKLINGAPASTA

fyrir 4 að hætti Rikku

600 g kjúklungalundur,  
skornar til helminga  
2½ msk Creole krydd  
½ tsk salt  
1 msk smjör  
1 msk olía  
200 g sveppir,  
niðurskornir  
2 vorlaukar, saxaðir

1 hvítlauksrif, pressað  
150 g brokkolí  
250 ml rjómi  
60 g parmesanostur,  
rifinn  
½ kjúklingakraftskubbur  
1 msk söxuð fersk  
steinselja  
500 g spaghetti

Setjið kjúklungalundirnar í skál og veltið þeim upp úr creole kryddinu og saltinu. Steikið kjúklinginn á pönnu upp úr smjörinu og olíunni og setjið svo til hliðar. Sjóðið brokkolíð þar til að það er hægt að stinga hnif í gegnum það. Steikið sveppina og vorlaukinn á pönnunni í 3-4 mínútur. Bætið brokkolíinu og hvítlauknum út í og steikið áfram í 2-3 mínútur. Hellið rjómanum saman við ásamt parmesanostinum og kjúklingakraftinum og látið malla áfram í 5-10 mínútur. Sjóðið pastað samkvæmt pakkningu og sigtið vatnið frá. Veltið pastanu upp úr sósunni og setjið á disk, raðið kjúklingabitunum ofan á og stráðið steinselju yfir.



UPPSKRIFT



**TILBOÐ**  
**15%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**

**2.294** kr/kg.  
Verð áður 2.698.-

**Lambakótilettur**  
grillmarineraðar



**TILBOÐ**  
**15%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**

**2.209** kr/kg.  
Verð áður 2.598.-

**Lærissneiðar, blandaðar**  
marineraðar



**TILBOÐ**  
**25%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**

**2.999** kr/kg.  
Verð áður 3.998.-

**Mínútusteik**



**TILBOÐ**  
**20%**  
afsláttur við kassa

**TILBOÐ**

**879** kr/pk.  
Verð áður 1.098.-

**Club steikarsamloka**  
með bernaise sósu

SÚRT



GRÆN EPLI



KONFEKT EPLI



RAUÐ EPLI



GUL EPLI



JONAGOLD



ROYAL GALA



FUJI

epli eru ekki  
bara epli!

SÆTT

**FERSKUR ÍSLENSKUR**  
**BARNAMATUR**  
Í MJÓLKURKÆLUM VERSLANA



**BARNA**  
**VAGNINN**  
**198** kr/stk.




**TILBOÐ**

**FREYJU HRÍS**  
**359** kr/stk.  
Verð áður 449.-



**TILBOÐ**

**BERRY COMPANY**  
**SAFAR**  
**399** kr/stk.  
Verð áður 429.-



**TILBOÐ**

**HEILKORNABRAUÐ**  
**299** kr/stk.  
Verð áður 449.-

**NÝTT**  
**XXX-TRIPLE BERRY**



**TILBOÐ**

**BIOMEGA**  
**VÍTAMÍN**  
**20%**  
afsláttur v/kassa



**TILBOÐ**

**VÍTAMÍN VATN**  
**299** kr/stk.  
Verð áður 359.-

Ómissandi fyrir helgina!



**ÍTALÍA**  
**ÓLÍFUOLÍA**  
**659** kr/stk.



Gildir til 15. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



Óttast þú vaxandi verðbólgu?

Já 94,1%  
Nei 5,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú snjallsíma?

Segðu þína skoðun á Vísis.is



## Íslensk stjórnvöld munu ekki koma í veg fyrir friðsamleg mótmæli: Falun Gong leyft að mótmæla

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir íslensk stjórnvöld ekki munu koma í veg fyrir friðsamleg mótmæli Falun Gong hreyfingarinnar. Forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, kemur hingað til lands í opinbera heimsókn þann 20. apríl næstkomandi. Bæði innlendir og erlendir Falun Gong iðkendur segjast ætla að halda „friðsamlega áminningu“ í tilefni heimsóknarinnar en taka fram að ekki sé um bein mótmæli að ræða.

„Þegar farið var að undirbúa þessa heimsókn var því skýrt komið

á framfæri við kínversk stjórnvöld að friðsamleg mótmæli væru að sjálfsögðu heimil enda væri það lýðræðislegur réttur hér á landi,“ sagði Jóhanna á Facebook í gær.

Þegar Jiang Zemin, þáverandi forsætisráðherra Kína, kom hingað árið 2002 meinuðu íslensk stjórnvöld Falun Gong hreyfingunni innngöngu í landið. Nýlega var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi þess efnis að íslensk stjórnvöld myndu biðja iðkendur Falun Gong afsökunar á að hafa meinað þeim að iðka tjáningarfrelsi sitt hér.




**FALUN GONG** Bannað var að iðka Falun Gong síðast þegar forsætisráðherra Kína heimsótti Ísland.

## Símalína hökkuð í Bretlandi: Birtu símtöl um hryðjuverk

**BRETLAND, AP** Talið er að sérstök símalína í Bretlandi, sem ætluð er fyrir nafnlausar ábendingar um hryðjuverkastarfsemi, hafi verið hleruð af tölvuhökkurum.

Lögreglan í London rannsakar málið. Talið er að fólk hafi hringt með falskar ábendingar og birt upptökur á netinu. Þá er verið að rannsaka hvort samtöl milli lögreglu og starfsfólks hryðjuverkalinunnar hafi verið tekin upp. Hakkur hafa birt upptökur á netinu og segjast hafa hringt um 700 sinnum í númerið.



## AÐALFUNDUR MIÐBORGARINNAR OKKAR

verður haldinn á Kex Hostel, Skúlagötu 28, 101 Reykjavík  
föstudaginn 27. apríl 2012 kl. 18:15

### DAGSKRÁ:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

Léttar veitingar, tónlist og spjall  
að afloknum fundarstörfum.

### STJÓRNIN

**Harðfiskurinn frá Stykkishólmi**  
Þessi sjúklega góði

**Humarsoð frá Hornarfirði**

**Humar 2000 kr.kg**  
Óbrotinn fyrsta flokks humar

**Ferskur Túnfiskur**  
Alla föstudaga og laugardaga

**Glæný Bláskel frá Stykkishólmi**



**Fiskibollur að dönskum hætti**  
(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)

**OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## Þorsstofninn ekki stærri síðan 1985

Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar úr stofnmælingu botnfiska benda til að þorsstofninn fari stækkandi. Hlýnun sjávar á Íslandsmiðum veldur breytingum á útbreiðslu fiskstofna og nýjar tegundir finnast við Íslandsstrendur.

**SIÁVARÚTVEGUR** Stofnvísitala þorsks hefur ekki verið hærrí síðan 1985 og hækkar nú fimmta árið í röð. Hafrannsóknastofnunin birti niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum (vorralli) í gær.

Stofnunin segir hækkinguna undanfarið ár mega rekja til þess að meira hefur fengist af stórum þorski.

Allt bendir til þess að 2011 árgangur þorsks sé meðal stærstu árganga frá 1985. Árgangurinn 2010 var lítill en árin tvö þar á undan voru árgangarnir yfir meðallagi.

„Í ástandsskýrslu okkar í fyrra gerðum við ráð fyrir áframhaldandi aukningu í stofninum ef aflareglunni sem er í gildi yrði fylgt,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró. „Ráðgjöf stofnunarinnar liggur ekki fyrir en í júní. Stofnmælingin nú gengur inn í stofnmatið og er mikilvægur þáttur í því.“

Spurður hvort vísbendingar um stækkun stofnsins í þetta mörg ár í röð gefi ekki forsendur til að hækka aflamarkið segir Jóhann að aflareglan byggir á ákveðnum forsendum. „Hún hefur verið prófuð með tilliti til viðmiða sem notuð eru á alþjóðlegum vettvangi varðandi sjálfbærar veiðar. Þá er auðvitað gert ráð fyrir því að reglunni sé fylgt. Með henni fáum við minni sveiflur í veiðunum.“

„Eflaust gagnrýna einhverjir aflaregluna. Eg held að styrking þorsstofnsins undanfarið, sýni hversu mikilvægt er að fylgja aflareglunni. Það var skynsamleg ákvörðun að draga úr sókninni og ávinningurinn er stærri stofn og sterkari árgangar, sem er ávísun á meiri afla í framtíðinni.“



**NÓG AF ÞORSKI** Stofninn styrkist nú ár frá ári og þorskurinn er stór sem skýrir meðal annars hækkingu vísitölunnar.

### Heildaraflamark þorsks árin 1985 og 2006-2011

Ár	Heildaraflamark	% miðað við 1985
1985	263	100%
'06-'07	193	73,4%
'07-'08	130	49,4%
'08-'09	160	60,8%
'09-'10	155	58,9%
'10-'11	160	60,8%

Heimild: Ástandsskýrsla Hafrannsóknastofnunar 2011

Stofnvísitala ýsu helst stöðug frá fyrri árum. Lengdardreifing og aldursgreining ýsunnar bendir til að allir ýsuárgangar eftir 2007 séu lélegir.

„Eftir aldamótin síðustu höfum

við haft hlýskeyðiseinkenni á Íslandsmiðum. Við höfum verið að fá nýjar tegundir inn í lögsöguna og stofnar sem héldu til við suðurströndina, í hlýrri sjó, hafa verið að færa sig norðar. Þetta er í svo miklum mæli að meirihluti ýsustofnsins heldur sig þar.“

Aldrei hefur fengist jafn lítið af lúðu í vorralli og síðustu tvö ár. Stofnvísitalan er um 40 sinnum lægri en árin 1985-1986. Frá og með áramótum hefur ríkt algert bann við lúðuveiðum á Íslandsmiðum vegna smæðar stofnsins.

Tillögur stofnunarinnar um aflamark fyrir næsta fiskveiðiar verða kynntar í byrjun júní.

birgirh@frettabladid.is

Bátaframleiðandinn Trefjar hlaut í gær Útflutningsverðlaun forseta Íslands:

## Rax hlaut heiðursviðurkenningu

**VIÐURKENNING** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti í gær Trefjum ehf. útflutningsverðlaun forseta Íslands. Athöfnin fór fram á Bessastöðum og tók Auðun N. Óskarsson, framkvæmdastjóri Trefja, við verðlaununum.

Trefjar þykja hafa sýnt forystu í þróun og smíði báta úr trefjaplasi til fiskveiða. Fyrirtækið hefur sýnt lofsvert frumkvæði í vörubrúun og markaðssetningu. Þá þykja Trefjar framleiða gæðavörur sem eiga greiðan aðgang á alþjóðlegan markað.

Ljósmyndarinn Ragnar Axelson, betur þekktur sem Rax, hlaut sérstaka heiðursviðurkenningu. Myndir Rax af lífi fólks hér á landi og óblíðum náttúruöflum sem móta lífshætti þess og venjur hafa birst í blöðum og tímaritum um heim allan.



**Á BESSASTÖÐUM** Ragnar Axelson ljósmyndari hlaut sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir að hafa borið hróður Íslands víða.

# Sony Center

www.sonycenter.is

## FINAL CALL

Frábær tilboð í takmarkaðan tíma



### 40" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP

ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR  
KDL-40NX723

- Full HD 1920 x 1080 punktar
- EDGE LED bakiýsing
- X-Reality Motionflow 200 Hz myndvinnsla
- Bravia Internet sjónvarp

Tilboð 249.990,- Verð áður 349.990,-

### 46" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP

ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR  
KDL-46NX723

Tilboð 319.990,- Verð áður 419.990,-

### 55" LED 3D HÁGÆÐA SJÓNVARP

ÁLSTANDUR MEÐ INNBYGGÐU HLJÓÐKERFI FYLGIR  
KDL-55NX723

Tilboð 439.990,- Verð áður 549.990,-

FINAL CALL

249.990,-

Sparaðu 100.000,-



FINAL CALL

89.990,-

Sparaðu 20.000,-

### SONY SPJALDTÖLVA WI-FI 3G

S1 SGPT111SE

- TrueBlack 9,4" skjár með bakiýsingu
- 1GB innra minni, 16GB diskur
- Android 3.2 Honeycomb stýrikerfi
- Playstation 3 samhæfing

Tilboð 89.990,- Verð áður 109.990,-



FINAL CALL

79.990,-

Sparaðu 20.000,-

### HÁKLASSA HEIMABÍÓ BLU-RAY

BDV-EF200

- 3D afspilun
- Bravia internet video
- Innbyggt útvarp og netvafi
- Stýður Dolby TrueHD, Dolby Digital Plus

Tilboð 79.990,- Verð áður 99.990,-



FINAL CALL

44.990,-

Sparaðu 10.000,-

### HÁGÆÐA MYNDAVÉL

DSC-WX7B

- 16,2 megapixla Exmor myndflaga
- 2,8" Clear Photo skjár
- 5 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

Tilboð 44.990,- Verð áður 54.990,-



FINAL CALL

19.990,-

Sparaðu 10.000,-

### FRÁBÆR FERMINGARGJÖF!

DSC-W510B

- 12.1 megapixla Super HAD myndflaga
- 2,7" Clear Photo skjár
- 4 x Optical Zoom
- Sweep Panorama

Tilboð 19.990,- Verð áður 24.990,-

SONY CENTER  
ER FLUTT  
Í VERSLUN NÝHERJA  
Í BORGARTÚNI!

Sony Center  
Verslun Nýherja Borgartúni  
569 7700

## SKOÐANAKÖNNUN Á FYLGI FORSETAframBJÓÐENDA

## Ólafur Ragnar og Þóra með um 46% fylgi

Þóra Arnórsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson hafa afgerandi forskot á aðra sem lýst hafa yfir framboði til forseta. Gæti þýtt að Ólafur Ragnar leggi í harðari baráttu en ella segir stjórnmálafræðingur. Hann telur Þóru eiga meira inni þegar hún hefur kosningabaráttuna fyrir alvöru.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi mælast með svo gott sem sama stuðning samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, sem gerð var í gær og fyrrakvöld.

Alls segjast 46 prósent þeirra sem afstöðu taka til einhvers frambjóðanda styðja Ólaf Ragnar til áframhaldandi setu sem forseti. Um 46,5 prósent segjast myndu kjósa Þóru yfri gengið til kosninga nú. Munurinn á Ólafi og Þóru er innan skekkjumarka könnunarinnar.

Aðrir sem lýst hafa yfir framboði njóta mun minni hylji meðal kjósenda. Alls segjast 2,9 prósent þeirra sem afstöðu taka styðja Herdísi Þorgeirsdóttur lagaprófessor. Um 1,5 prósent styðja Ástþór Magnússon athafnamann.

Jón Lárússon lögreglumaður fengi samkvæmt könnuninni um 1,2 prósent atkvæða og Hannes Bjarnason úr Skagafirði fengi 0,4 prósent fylgi.


„Ég held að það hljóti að teljast mikil og góð tíðindi fyrir Þóru að mælast svona hátt, núna þegar hún hefur varla hafið kosningabaráttuna,“ segir Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

## Áhyggjuefni fyrir Ólaf Ragnar

„Þóra er mjög þekkt úr fjölmiðlum og greinilegt að mörgum finnst hún hafa komið vel fyrir. Hún á eftir að kynna sig fyrir kjósendum, og ætti þess vegna að eiga meira inni með sinni kosningabaráttu,“ segir Grétar.

„Þessar niðurstöður hljóta að

## Stuðningur eftir kyni og búsetu



## Þóra hefur forskot meðal kvenna

Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi hefur forskot á Ólaf Ragnar Grímsson, sitjandi forseta, meðal kvenna. Alls segjast um 49,4 prósent þeirra kvenna sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins styðja Þóru í embætti forseta, en 44 prósent styðja Ólaf. Hlutfallið er annað meðal karla. Alls myndu um 43,7 prósent karla kjósa Þóru en 47,9 prósent Ólaf Ragnar.

Ólafur Ragnar virðist á móti njóta meiri stuðnings meðal íbúa landsbyggðarinnar en Þóra. Um 49,1 prósent íbúa landsbyggðarinnar myndi kjósa Ólaf ef gengið yrði til kosninga nú, en 42,1 prósent Þóru. Þóra nýtur hins vegar meiri stuðnings en Ólafur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 48,7 prósent myndu kjósa hana en 44,4 prósent Ólaf Ragnar.

HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 11. OG 12. APRÍL 2012

vera verulegt áhyggjuefni fyrir Ólaf Ragnar,“ segir Grétar. Hann segir erfitt að reikna út hvernig Ólafur muni bregðast við stöðunni.

„Ég er ekki viss um að hann bregðist við þessu með einum eða öðrum hætti. Hins vegar hljóta að renna á hann tvær grímur, ég er sannfærður um það, þegar staðan er svona svo löngu fyrir kosningar, og kosningabaráttan eiginlega ekki hafin. Þetta getur orðið til þess að hann taki meiri þátt í kosningabaráttunni en hann hafði kannski hugsað sér,“ segir Grétar.

Um 1,5 prósent þeirra sem afstöðu taka vilja annan frambjóðanda en þá sem þegar hafa lýst yfir framboði. Hafa ber í huga að enn eru sex vikur í að frestur til að til-

kynna um framboð rennur út, og því gætu fleiri frambjóðendur bæst í hópinn. Þá hafa þeir sex sem tilkynnt hafa um framboð sitt enn um tvo og hálfan mánuð til viðbótar til að kynna sig og sín stefnumál þar til kosið verður 30. júní.

## Getur fælt aðra frá baráttunni

Grétar segir þó þá sterku stöðu Þóru sem birtist í könnun Fréttablaðsins geta fælt aðra frá því að blanda sér í baráttuna. „Ég er ekki viss um að það sé kræsilegt fyrir aðra að hella sér í þennan slag.“

Tæplega fjórðungur þeirra 800 sem hringt var í, um 22,1 prósent, sagðist ekki hafa gert það upp við sig hvern þeir ætluðu að kjósa.

Hlutfallið er lægra en búast hefði

mátt við nú þegar tveir og hálfur mánuður er til kosninga, segir Grétar. Hann bendir á að enn gætu fleiri boðið sig fram, og frambjóðendur séu ekki farnir að kynna sig almennilega fyrir kjósendum.

Þegar afstaða þeirra sem þátt tóku í könnuninni er skoðuð án frekari vinnslu mælist Ólafur Ragnar með 29,8 prósentu stuðning og Þóra Arnórsdóttir með 30,2 prósent. Um 1,9 prósent styðja Herdísi, 1,0 prósent Ástþór, 0,7 prósent Jón og 0,2 prósent Hannes. Þá sagðist um 1 prósent styðja einhvern sem ekki hefur gefið kost á sér. Um 3,9 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 22,1 prósent segist óákveðið og 9,1 prósent vildi ekki svara spurningunni.

## Afar þakklát

„Ég er hálf orðlaus. Við erum bara rétt farin af stað,“ segir Þóra Arnórsdóttir. „Ég er miklu meira en sátt með þessar niðurstöður, en fyrst og fremst afar þakklát.“

Þóra lítur svo á að eiginleg kosningabárta hennar sé vart hafin og bjóst því ekki við því mikla fylgi sem niðurstöður könnunarinnar sýna. „Það er rúm vika síðan ég lýsti yfir framboði svo ég bjóst ekki við því að þetta væri svona mikið fljúgandi start.“

Hún ætlar að halda áfram að ferðast um landið og hitta sem flesta fram að kosningum. „Við erum búin að finna fyrir ofboðslega miklum meðbyr, vissulega, en að sama skapi ætlum við ekki að fagna of snemma. Það er enn langur vegur að markinu.“

## Leiðin upp á við

„Kosningabárta mín er vart hafin,“ segir Herdísi Þorgeirsdóttir, og bætir við: „Fyrir mér er bara ein leið og hún er upp á við.“


## Aðferðafræðin

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 11. apríl og fimmtudaginn 12. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvern myndir þú kjósa til embættis forseta Íslands ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 64,9 prósent afstöðu.

Brjann Jónsson  
brjann@frettabladid.is



## Stuðningur eftir stjórnmálaflokkum



## Stuðningsmenn Samfylkingar vilja Þóru

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna yrði gengið til þingkosninga nú segist styðja Þóru Arnórsdóttur til embættis forseta í könnun Fréttablaðsins. Alls sagðist 81 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar styðja Þóru, en 19 prósent þeirra sögðust myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson, sitjandi forseta.

Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins er í horni Ólafs. Alls sögðust 58,3 prósent þeirra myndu kjósa Ólaf yrði gengið til kosninga nú, en 33,3 prósent Þóru. Færri sögðust myndu kjósa aðra frambjóðendur.

Kjósendur Framsóknarflokksins deilast jafnar á milli Ólafs Ragnars og Þóru. Alls sögðust 50 prósent þeirra styðja Ólaf, en 46 prósent Þóru.

Stuðningsmenn Vinstri grænna styðja frekar Þóru en Ólaf, þó munurinn sé ekki jafn mikill og hjá stuðningsmönnum hins stjórnarflokksins. Alls sagðist 57,1 prósent þeirra sem kjósa myndu Vinstri græna styðja Þóru, en 38,1 prósent sagðist styðja Ólaf Ragnar til áframhaldandi setu á Bessastöðum.

TAX FREE afsláttur



af öllum grillum föstudag til sunnudags



Gardheimar standa að sjálfsgöðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs



**nettó**  
Kræsingar & kostakjör



BLÁSKEL  
FRÁ HRÍSEY

VERÐ NÚ

**999**

ÁÐUR 1.298 KR/PK

uppskriftir á [www.blaskel.is](http://www.blaskel.is)

# FISKUR & FERSKLEIKI Í NETTÓ

BLÁMAR  
LÚÐUSTEIKUR  
ROÐ- & BEINLAUS

VERÐ NÚ  
**2.608**

ÁÐUR 2.898 KR/KG

FRÝSTIVARA

TÚNFISKSTEIKUR  
FROSNAÐ

VERÐ NÚ  
**2.798**

ÁÐUR 3.498 KR/KG

FRÝSTIVARA

FISKIBOLLUR  
800 G  
EKTA FISKUR

VERÐ NÚ  
**691**

ÁÐUR 898 KR/PK

FRÝSTIVARA

FISKUR Í RASPI  
EKTA FISKUR

VERÐ NÚ  
**994**

ÁÐUR 1.198 KR/KG

FRÝSTIVARA

OKKAR ÝSUFLÖK ROÐ & BEINLAUS

VERÐ NÚ  
**1.188**

ÁÐUR 1.398 KR/KG

FRÝSTIVARA

PORSKGELLUR  
-BLÁMAR

**1.591** KR/KG  
**1.989** KR/KG

FRÝSTIVARA

SUSHI  
-20 BITAR

**1.689** KR/PK  
-ÁÐUR 1.898 KR/PK

SUSHI  
-8 BITAR  
**799** KR/PK  
-ÁÐUR 898 KR/PK

PORSKHNAKKAR  
-BLÁMAR  
-LÉTT SALTADIR

**1.594** KR/KG  
**1.898** KR/KG

FRÝSTIVARA

X-TRA · GOTT VERÐ

HVÍTLAUKSBRAUÐ  
175 G

**95** KR/PK

X-TRA · GOTT VERÐ

FRANSKAR  
1 KG

**299** KR/PK

PORSKBITAR  
-OKKAR  
-800 G  
-ROÐ- & BEINL.

**890** KR/PK  
ÁÐUR 989 KR/PK

FRÝSTIVARA



# Við bjóðum súlur í Netbankanum



## Íslandsbanki er eini bankinn á landinu sem er með Meniga innbyggt í Netbankann



Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar súlur líta út frá degi til dags og fengið samanburð við aðra. Smelltu bara á Meniga takkann í Netbankanum og sjáðu hvar þú stendur.



Íslandsbanki er fyrsti bankinn í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

# Íslensk músík orðin vörumerki

Það er að miklu leyti tilviljunum háð hverjir „meika“ það í útlöndum og hverjir ekki, segir **Sigtryggur Baldursson**, framkvæmdastjóri ÚTÓN og Sykurmoli, við **Stíg Helgason**. Hann telur að margar íslenskar hljómsveitir gætu náð langt á næstunni.

**S**igtryggur Baldursson þekkir það af eigin raun að eiga velgengni að fagna í útlöndum. Hann og félagar hans í Sykurmolunum komust hins vegar aldrei í sjötta sætið á bandaríska Billboard-listanum eins og íslenska sveitin Of Monsters and Men afrekaði í vikunni.

„Nei, ég man nú ekki hvað við förum hátt á þessum Billboard-lista,“ segir Sigtryggur. „Okkar sala reis miklu hægar.“ Netleit leiðir í ljós að platan *Life's Too Good* reis hæst í 54. sæti listans í október 1988. Og þótti firnagott.

„Við förum út sumarið 1988, þá kemur *Life's Too Good* út í Bandaríkjunum hjá Elektra og verður svolítið sumar-„hitt“ í háskólaútlitum þar úti. Þannig er nú okkar saga,“ rifjar Sigtryggur upp.

„Við túruðum um Bandaríkin, þar var stöðugt verið að bæta við tónleikum og þeir urðu alltaf stærri og stærri. Við lukum sex vikna ferðalagi þar sem við höfðum byrjað, á austurströndinni, og vorum þá að spila á miklu stærri stöðum en í byrjun. Þetta var mjög skemmtilegt.“

Sigtryggur segir þessu hafa verið öðruvísi farið með Of Monsters and Men. „Þau fara á túr núna til Bandaríkjanna og hann er eiginlega uppseldur fyrir fram. Það er rosalegt umtal í gangi í kringum bandið og það er búið að vera að byggjast upp í dálítinn tíma. Maður hefur ekki heyrt svona mikið „hæp“ síðan Sigur Rós var að fara af stað. Þá var alls staðar verið að tala um þá í bransanum úti. Þetta gerist á svipaðan hátt með Of Monsters and Men, nema bara hraðar.“

## Röð tilviljana

Sigtryggur rekur það fyrir blaðmanni hvernig þessi ungmenni, sem voru nýbúin að vinna Músiktilraunir, komust alla leið á stóru sviðin í Bandaríkjunum á rétt rúmu ári.

„Þau eru í raun uppgötvuð á Airwaves af KEXP-útvarpsstöðinni í Bandaríkjunum, sem sér þau spila pínulítið gigg á Glaumbar. Starfsmenn stöðvarinnar sjá þau þar og eru rosa hrifnir af þeim og biðja um að fá að taka upp lag með þeim, sem er síðan gert í stofunni heima hjá Ragga [Ragnari Þórhallssyni, söngvara og gítarleikara]. Það er útgáfan af *Little Talks* sem verður alveg „viral“ á Youtube og þá fer fólk að kveikja á þessu, meðal annars Heather Kolker. Hún er bókari hjá Paradigm, stórrí umboðsskrifstofu í New York, og hefur mikla þekkingu á bransanum í Bandaríkjunum. Hún var hér á landi í fyrra, hafði eignast íslenskan mann og var nýbúin að eignast barn, og



**BJARTSÝNN** Sigtryggur hefur marga fjöruna sopið í íslenska tónlistargeiranum en hann segist aldrei hafa upplifað eins mikla grósku og núna eftir hrun. Skapandi greinar njóti mun meiri velvilja í þjóðfélaginu en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

maðurinn hennar sagði henni að tékka á þessu bandi.

Það eru margir þættir sem þurfa að spila saman til að svona atburðarás fari af stað eins og þau eru að lenda í í Bandaríkjunum – að verða megahitt. Það er hægt að hjálpa til og styðja við á ýmsum stöðum, eins og hjá ÚTÓN, sem gaf út safndisk með íslenskum lögum í Bandaríkjunum í fyrra og þar er *Little Talks* fyrsta lagið. Það getur verið að það hafi eitthvað að segja en fyrst og fremst er þetta skemmtileg röð af tilviljunum og að vera á réttum stað á réttum tíma með rétta fólkinu í bland.“

En það hlýtur að þurfa meira til en heppni, eða hvað?

„Já, já. Bandið er náttúrulega mjög skemmtilegt og er að spila músík sem passar akkúrat þarna, þá stundina. Það er einmitt það myndna við þetta að það er aldrei hægt að sjá fyrir hvað kemur til með að passa nákvæmlega hvar og hvenær. Svo eru þau frá Íslandi og það er alltaf svolítið mystískt að vera frá Íslandi.“

En þau eru bara þéttur hópur af góðum vinum sem eru að gera það sem þeim þykir gaman – nákvæmlega það sama og Sykurmolarnir voru að gera á sínum tíma. Og ég held að þetta eigi við um alla sem lenda í þessari stöðu.“

er Björk. Hún er gerir plötu, *Debut*, árið 1994 þegar hún hættir í Sykurmolunum, sem fær rosalega mikla athygli og hún hefur alltaf passað mjög vel upp á sína listrænu stjórnun, vegna þess að þegar fólk gengur svona vel þá er alltaf verið

lenda í því að taka stærsta peningadílunum sem er í boði og hann er kannski frá einhverjum risastórum útgefanda sem vill fá svona og svona band og gera eitthvað tiltekið úr því. Þú vilt ekki lenda í því. Fólk þarf oft að bíta á jaxlinn



Fólk þarf oft að bíta á jaxlinn þegar illa gengur og halda í trúna á það sem það er að gera en í rauninni þarf ekki síður að gera það þegar vel gengur.

## Í auga stormsins

Svona nokkuð er í raun eitthvað sem fólk „lendir í“, ef svo má segja. „Jú, það er heila málið. Þetta skellur á þeim,“ segir Sigtryggur. Þá ríði á að fara varlega.

„Þau þurfa að passa sig á að halda þétt utan um sjálf sig og það sem þau eru að gera. Það er hugtak í bransanum sem heitir „creative control“ og það er mjög mikilvægt – að hafa stjórn á listrænu hliðinni á sínum ferli. Besta dæmið um það

ad reyna að fá það til að gera allan djöfulinn. Þá kemur David Bowie og vill fá að gera lag með þér – ég tek það bara sem dæmi um hana.“

Þessir krakkar eiga eftir að fá alls konar tilboð og þurfa að halda sterkum fókusi á það sem þau eru að gera. Það er langmikilvægast – að hafa báða fætur á jörðinni og vera sátta í sínu. Fólk þjáist oft af óöryggi og fer út í alls konar vitleysu af því að það veit ekkert hvað það vill gera. Það eru ofsalega margir sem

þegar illa gengur og halda í trúna á það sem það er að gera en í rauninni þarf ekki síður að gera það þegar vel gengur. Þá verður svo mikið umrót í kringum mann. Ég er ekki að segja að þau geri það ekki, enda hef ég fulla trú á þessum hóp. Mér sýnist þau vera skemmtilega sjálfum sér nóg. Þau eru bara að vinna – spila á fullu – og átta sig ekkert endilega á því hvað þetta þýðir. Þau eru bara að einbeita sér að því sem þau gera vel og á meðan



## GOSPELKÓR FÍLADELFIU TÓNLEIKAR Í KVÖLD



## SELT JARNARNESKIRKJA KL.20:00

GOSPELKÓR FÍLADELFIU ER KIRKJUKÓR FÍLADELFIUKIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK. KÓRINN SÉR UM SÖNG Á SUNNUDAGS SAMKOMUM KIRKJUNNAR OG HELDUR ÞAR AÐ AUKI NOKKRA TÓNLEIKA Á ÁRI. ÞEYKTIR ERU HINIR ÁRLEGU JÓLATÓNLEIKAR GOSPELKÓRSINS.

SÖNGSKRÁ KÓRSINS ER ALLT FRÁ HEFDBUNDNUM SÁLNUM Í FJÖRUGT GOSPEL. MEÐ GOSPELKÓRNUM ER HLJÓMSVEIT KÓRSINS SKIPUÐ LANDSFRÆGUM HLJÓDFÆRALEIKURUM. STJÓRNANDI GOSPELKÓRSINS ER ÓSKAR EINARSSON

geisar stormur og læti í kringum þau.“

**Ekki gott veganesti að vilja frægð**

Er eitthvað sem Sigtryggur sér eftir frá Sykurmolaárunum og telur að hefði mátt gera öðruvísi þá?

„Ég er nokkuð sáttur við okkar feril og það sem við gerðum, en já, já, við hefðum efлаust mátt gera margt betur,“ segir hann.

„Ef eitthvað er hefðum við mátt halda betur utan um það hvað við vildum sjálf gagnvart því sem var ætlast til af okkur af plötufyrirtækjum og öðrum í kringum okkur. Það var alltaf verið að predika það fyrir manni á þessum tíma að maður þyrfti að taka næsta skref á ferlinum og selja fleiri plötur og svo framvegis, hvað sem það nú þýddi, en við reyndum nú samt bara að gera plötur eins og okkur sýndist.

Á síðustu plötunni sem við gerðum var vissulega verið að reyna að fá utanaðkomandi pródúsent til að vinna með okkur og poppa þetta aðeins upp, en okkar erfiðleikar voru í raun aðallega bara við sjálf og að reyna að halda utan um þennan frábæra hóp, sem er náttúrulega nógu óvenjulegur og skrýttinn í sjálfu sér.“

Það hafi heldur aldrei vakað sérstaklega fyrir þeim að verða stórstirni. „Nei, okkur langaði aldrei að verða poppstjörnur. Okkur langaði bara að gera músík sem við filuðum og höfðum gaman af. Það eru misjöfn mótíf sem drífa fólk. Ég er að lesa ævisögu Stephens Fry, þess skemmtilega karls. Hann er að tala um að í gamla daga hafi hann þjáðst af þessari bakteríu að vilja verða frægur og hafi verið til í að gera nánast hvað sem er til þess. Hann segir einmitt að það sé alls ekki gott veganesti.“

**Fær enn búbót fyrir jólin**

Þegar Íslendingar verða frægir í útlöndum er stundum rætt um það að þeir hljóti að hafa efnast mjög – jafnvel undir eins. Hvernig er það með Sigtrygg og Sykurmolana, græðir hann enn peninga á að hafa einu sinni verið í frægri hljómsveit?

„Við fáum alltaf stéfgjöld af plötunum okkar. Ekki mikla peninga, en smábúbot á hverju ári rétt fyrir jólin. Þau hafa reyndar farið minnkandi. Ég fæ meiri stéfgjöld í dag fyrir lög sem ég hef samið með Emilíönu Torrini heldur en Sykurmolaögin.

En þetta er auðvitað hluti af höfundarréttinum og þess vegna er hann heitt umræðuefni í dag, sérstaklega misnotkun á þeim rétti og stuldur af netinu og annað slíkt. Höfundar fá engar greiðslur fyrir það,“ segir Sigtryggur. „En ef þú ert að selja 55 þúsund plötur á einni viku eins og Of Monsters and Men þá færðu nú eitthvað af peningum,“ bætir hann við, með þeim fyrirvara að hann þekki ekki samninginn þeirra við útgáfufyrirtækið.

**Margir sem geta „meikað“ það**

Sigtryggur hefur starfað sem framkvæmdastjóri ÚTÓN, útflutningskrifstofu íslenskrar tónlistar, í um tvo mánuði. Hann telur að skrifstof-

an geti orðið að miklu liði við að gera íslenskum tónlistarmönnum kleift að fóta sig í útlöndum.

„Ég veit ekkert hversu mikið þetta hefur að segja en þetta hjálpar til, ég er alveg viss um það. ÚTÓN á til dæmis fyrirtækið IA sem rekur Iceland Airwaves-hátíðina og það er markaðstorgið þar sem þau voru uppgötvuð. KEXP finnur þau þar á smábúllu – Glaumbar – ekki á stóra sviðinu á NASA. Það er mikilvægur lærdómur, að góðir hlutir byrja smátt. En þetta mun ekki gerast eins á næsta ári. Ég get lofað þér því að það mun fylgja einhverju allt öðru mynstri þegar næsta íslenska band verður frægt úti í heimi.“

Sérðu íslenskar hljómsveitir sem gætu meikað það?

„Já, og það eru mörg bönd sem eru að meika það á sinn hátt nú þegar. Of Monsters and Men fara auðvitað mjög bratt inn á markaðinn. Þau gera samning við Universal, sem er augljóslega með þau í forgangi hjá sér, og fyrsta platan nær hátt á Billboard, en ég sé fullt af listamönnum og böndum sem eru ekki komin svona langt en eru samt að selja fullt af plötum, túra erlendis og spila fyrir stóra hópa,“ segir hann og nefnir sem dæmi FM Belfast, Sin Fang, Sóleyju, Kiru Kiru, Agent Fresco, For a Minor Reflection, Lay Low og Retro Stefson.

„Steftektur af spilun á íslensku efni erlendis hafa fjórfaldast á síðustu fimm árum. Hluti af því er náttúrulega Máni Svavarsson og

Latibær, en þetta telur allt. Þetta er bara íslensk músík í útrás sem er mjög jákvætt fyrirbæri og við erum að hjálpa til við þetta. Allt hjálpar þetta íslenskri tónlist rosalega mikið. Íslensk músík er nánast orðin vörumerki erlendis og hefur mjög pösítivan stimpil, þykir kreatív og mjög spes og sérstök.“

**Íslensk tónlist blómstrar eftir hrun**

Og Sigtryggur segir þetta alls ekki bara eiga við popp- og rokktonlist og alla hennar anga og kima. Hann sé einmitt á leið á stóra djassráðstefnu, Jazzahead, í Bremen í Þýskalandi í næstu viku, ásamt íslenskum djössurum á borð við Samúel J. Samúelsson og stórsveit hans, Sigurð Flosason og Pétur Grétarsson, Sunnu Gunnlaugsdótt-

ur og ADHD. Hann finni fyrir gróðarlega mikilli og aukinni grósku í öllu tónlistarlífi Íslands.

„Mér finnst íslenski músíkbransinn hafa blómstrað eftir hrun. Ég finn fyrir meiri velvilja gagnvart öllum skapandi greinum núna, bæði í pólitíkinni og þjóðfélaginu öllu. Því að það eru þessir hlutir sem gefa lífinu gildi og eru svo mikilvægir fyrir ímynd þjóðarinnar og blessaðan útflutninginn. Þetta skapar nefnilega allt tekjur, það er svo frábært. Ég held að við komum til með að eignast þó nokkuð af þekktum tónlistaratriðum í framtíðinni, sama hvort þau koma úr poppinu, klassíkinni, djassinum eða elektróníkinni. Ég er sannfærður um að það muni koma mikið meira af þessu góða efni á næstu árum.“

**Engin lántökugjöld á grænum bílalánnum**

2012 GREEN APRIL

Ergo vill stuðla að fjölgun á umhverfishæfari bílum á Íslandi og býður því græn bílalán. Græn bílalán standa til boða við kaup á bílum í útblástursflokkum A, B og C og eru þau án lántökugjalda út júnímánuð 2012.

Í apríl fylgir 15.000 kr. eldsneytisneign hjá N1 með öllum grænum bílalánnum Ergo.

Pú getur skoðað alla græna bíla umboðanna og kannað kosti græna bílalána á [ergo.is](http://ergo.is)

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is) > [ergo@ergo.is](mailto:ergo@ergo.is)

**ergo**

**Discovery Channel**

**DEADLIEST CATCH**

Alla daga á Discovery Channel

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS



## SAGA CLUB

ENN ÖFLUGRI FRÍÐINDAKLÚBBUR

### Safnaðu fleiri Vildarpunktum Icelandair – Njóttu þess

Við kynnum nýja og betri möguleika til að nota Vildarpunkta og safna þeim.

- | Þú safnar Vildarpunktum fyrir öll flug með Icelandair
- | Þú færð fleiri Vildarpunkta fyrir hærra fargjald
- | Þú færð Vildarpunkta fyrir öll viðskipti um borð í vélum Icelandair
- | Gleymdu ekki að athuga hvort kreditkortid þitt sé ekki örugglega að safna Vildarpunktum



Meðgangin kemur ekki á óvart.

## Hvað er að baki upphrópunum?

**S**tjórn málaumræða hér á landi virðist á stundum hverfast um hvert furðuuppblaupið á fætur öðru. Nú síðast er ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um meðgöngu í málsókn ESA á hendur þjóðinni vegna meints brots á EES-samningnum í tengslum við Icesave.

Tilfellið er nefnilega að ESB hefur heilmikilla hagsmuna að gæta í málinu, algjörlega óháð aðildarumsókn Íslands að sambandinu. Hlýtur maður því að velta því fyrir sér hvað liggja að baki upphrópunum um að Icesave-málareksturinn kalli á að viðræðum um aðild Íslands að ESB verði slitið.

Reyndar virðist ESB ekkert geta gert rétt ef marka má málflutning hluta þeirra sem falla vilja frá aðildarsamningnum. Sambandið leggur sig ýmist fram um að hafa þjóðina góða til að lokka hana í faðm sinn og beitir meðal annars til þess IPA-styrkjum og boðsferðum til opinberra starfsmanna, eða það ætlar að kúga okkur og hrella með hótunum vegna makrívleidda, eða nú síðast með aðild að málarekstri ESA. Ekki virðist á hreinu hvort sambandið vill fá okkur í faðm sinn með góðu eða illu.

Sérfræðingar í Evrópurétti furða sig hins vegar ekkert á aðkomu framkvæmdastjórnar ESB að málarekstri ESA, sem er í fullu samræmi við stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins. Í Fréttablaðinu í dag segir Stefán Már Stefánsson lagaprófessor að krafa framkvæmdastjórnarinnar um meðgöngu í málarekstrinum endurspeglar mikilvægi málsins. „Það hefur klárlega þýðingu fyrir allan fjármálamarkað Evrópu,“ segir hann.

Ög í fréttum Útvarps í gær tók Margrét Einarsdóttir, lektor í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík, í sama streng og kvað ekki koma á óvart að framkvæmdastjórnin beitti sér í málinu með formlægri hætti. „Ég sé ekki í fljótu bragði að það muni hafa nein úrslitaáhrif,“ bætti hún við.

Óneitanlega er kynlegt að þeir sem hæst töluðu um sterka laga-lega stöðu landsins og börðust fyrir dómstólaleið með Icesave-deiluna bregðist nú ókvæða við þegar ESB, sem sannarlega hefur hagsmuna að gæta í málinu, lætur það sig varða með beinum hætti. EFTA-dómstóllinn, ásamt Evrópuþinginu, fer með endanlegt úrskurðarvald um túlkun EES-samningsins. Síðan er íslenskra dómstóla að framfylgja þeirri túlkun. Látið var sem Íslendingar væru með unnið mál í höndunum. Hefur eitthvað breyst í þeim efnum? Þá má velja fyrir sér hvort aðkoma ESB að málarekstri ESA skipti máli ef sú er ekki raunin.

Í raun hefur ekkert breyst. Fulltrúar óttasleginna sérhagsmunahópa reyna nú sem fyrr að bregða fæti fyrir ferli sem á endanum á að skila sér í aðildarsamningi sem leggja á fyrir þjóðina. Sama gera andstæðingar fjölbjóðasamstarfs sem litla lýðræðisást bera í brjósti. Hvorugur hópurinn vill gefa þjóðinni færi á að meta sjálf hvernig hag hennar er best borgið.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGAUFUFRAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.  
 ISSN 1670-3871

**jura** SWISS MADE Fyrir heimili og vinnustaði

**EIRVÍK**  
 Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Vinsældir stjórnar dala

Sitjandi ríkisstjórn hefur tapað fylgi svo til frá deginum sem hún var mynduð. Um það bera þær skoðanakannanir sem framkvæmdar hafa verið í valdatíð hennar vitni. Miðað við nýjasta þjóðar-púls Gallup hefur samanlagt fylgi vinstri sinnuðu ríkisstjórnarflokkanna tveggja minnkað um 22 prósentustig. Á sama tíma hefur samanlagt fylgi flokkanna tveggja sem eru hægra megin við ríkisstjórnarflokkana aukist um 12 prósentustig. Þá mælist Björt framtíð, sem hefur stíllt sér upp örllítið til hægri við ríkisstjórn-ina, með 5 prósentu fylgi.



#### Vinstri róttækni svarið

Þetta er hér rifjað upp því Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra var spurður út í minnkandi vinsældir stjórnarinnar í forvitnilegu viðtali í Viðskiptablaðinu sem kom út í gær. Hvernig vill Ögmundur að stjórnin bregðist við minnkandi fylgi. Jú, með því að ríkisstjórnin verði róttækari og standi frekar fyrir þeim félagslegu vinstri gildum sem „ætlast er til af henni“. Skyldu þeir fyrrum kjósendur stjórnarflokkanna sem hafa hallað sér upp að hægri flokkunum taka vel í slíka stefnubreytingu?

#### Dræmar undirtektir?

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefur um skeið legið undir feldi og íhugað að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands. Í gær gerði hún fyrirætlanir sínar loks ljósar og ætlar sem sagt ekki í framboð. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því á laugardag að stuðningsmenn Kristínar hefðu látið kanna stuðning við mögulegt framboð hennar. Niðurstöðurnar hafa ekki verið gerðar opinberar en það má kannski túlka ákvörðun Kristínar sem svo að stuðningur við hana hafi ekki mælst nægjanlegur til að hún hætti sér í framboð.



### HALLDÓR



## Helför á Íslandi?

### Málflutningur



Jóhann Páll Jóhannsson  
 nemandi við Menntaskólann í Reykjavík

Það virðist vera í tísku að líkja umdeildum málum á Íslandi við skelfilegustu myrkraverk mannkynssögunnar. Sumir þeirra sem andmæltu málarekstrinum gegn Geir H. Haarde kölluðu landsdómsmálið „pólitísk sýndarréttarhöld“. Til dæmis bar Þorsteinn Pálsson landsdómsmálið saman við réttarhöldin yfir Búkharín í Sovétríkjunum, en Búkharín var líflátinn eftir að hafa nauðugur játað á sig fjarstæðukenndar sakir.

Þá líkti sóknarpresturinn Þórhallur Heimisson tillögum Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um bann við trúboði í skólum við sovéska skoðanakúgun. Biskup Íslands tók í sama streng og sagði tilburði yfirvalda í Reykjavík „minna óhugnanlega á Sovétíð sáluga“. Vart þarf að taka fram að svona málflutningur er ótrúleg vanvirðing við fórnarlömb alræðisstjórnarinnar í Sovétríkjunum, fólk sem var ofsótt og drepið fyrir skoðanir sínar.

Vitleysan virðist engan endi ætla að taka því síðustu daga hefur lágbúran keyrt um þverbak. Það var viðbúið að útgerðarmenn myndu tryllast vegna frumvarpa Steingríms J. Sigfússonar um fiskveiðistjórnunarkerfið. Sú er yfirleitt raunin þegar reynt er að hrófla við kvótakerfinu. En að forkólfar útgerðar-

innar skuli nú stíga fram og voga sér að líkja breytingunum á fiskveiðistjórnunarkerfinu við helför nasista, það er hreinlega ógeðslegt.

Á vefsíðu Morgunblaðsins þann 26. mars er vitnað í Berg Kristinnsson, formann Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðanda í Vestmannaeyjum. Þar lýsir hann áhyggjum sínum yfir því að hækkun veiðigjalds breyti landsbyggðinni í „hálfgrert gettó“ og vísar sérstaklega til bókarinnar Öreigarnir í Lódz eftir Steve Sem-Sandberg. Sú bók lýsir því hvernig nasistar lokuðu gyðinga inni í gettó, drápu þá og svívirtu. Þann 29. mars birtist grein á vefsíðunni Eyjafréttir.is þar sem Kastljósi var líkt við áróðursmálaráðuneyti Göbbels vegna umfjöllunar þess um Samherja.

Að lokum er vert að rifja upp viðtal sem tekið var við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍÚ, síðastliðið sumar. Þar líkir hann íslenskum útgerðarmönnum við gyðinga í Þýskalandi nasismans. Þessar samlíkingar hljóta að misbjóða öllu heiðvirðu fólk, hvort sem það er hlynt breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu eður ei. Það er óskiljanlegt að full-orðnir menn skuli tala með þessum hætti. Íslenskum útgerðarmönnum er vorkunn að eiga svona talsmenn.



# Leyfið börnunum að koma sjálfkrafa til mín

Í DAG

**Pawel Bartoszek**  
stærðfræðingur



Í drögum að nýjum lögum um trúfélög er gerð sú breyting að börn verða ekki alltaf sjálfkrafa skráð í trúfélag móður, en samt eiginlega oftast. Börn foreldra sem eru giftir eða í sambúð og í sama trúfélagi verða áfram skráð sjálfkrafa í trúfélag foreldranna. Börn einstæðra mæðra verða áfram skráð sjálfkrafa í trúfélag móður. Breytingin tekur því helst til barna þar sem foreldrar fara saman með forsjá en tilheyra ólíkum trúfélögum. Í þeim tilfellum þurfa foreldrarir að taka sameiginlega ákvörðun um skráningu barnsins í trúfélag.

Þetta er hænuskref í rétta átt en miðað við viðbrögð Biskupsstofu hefði mátt halda að verið væri að gera allt aðra breytingu, þ.e.a.s. að verið væri að afnema með öllu sjálfkrafa trúfélagaskráningu barna við fæðingu. Það væri auðvitað rétt breyting. Ríkið hefur ekkert með það að gera að halda skrá um það hvaða trúfélögum hver og einn tilheyrir. Hvað þá að það eigi að skrá fólk sjálfkrafa í söfnuði í samræmi við einhverjar ætternisreglur.

Biskupsstofa heldur því fram að umræddar breytingar séu íþyngjandi fyrir trúfélög. Auðvitað er það rétt. Ef óeðlileg forréttindi

eru afnumin íþyngir það þeim sem þeirra nutu áður. En gæði lagabreytinga á ekki að meta með þessum hætti. Hugsun þetta frekar svona: Ef börn væru ekki skráð sjálfkrafa í trúfélag við fæðingu, myndi einhver leggja til að það yrði gert?

## Sjálfkrafa trúaður

Þegar ég gekk um seinustu aldamót inn í Þjóðskrá til að skrá mig utan trúfélaga var mér sagt að ég væri þá skráður í kaþólska söfnuðinn. Þetta var ekki í samræmi við þá upplifun sem ég hafði af trúarupplendi mínu og ég vildi athuga nánar hvornig á þessu gæti staðið. Svarið sem ég fékk var að á sínum tíma, þegar fjölskylda mín kom fyrst til landsins, hafi fólk verið sjálfkrafa skráð í ríkjandi trúfélag þess ríkis sem það kom frá. Grínlaust. Mér var sagt að þessu verklagi hefði síðan verið breytt.

Auðvitað má segja að það hafi verið „íþyngjandi“ fyrir kaþólska söfnuðinn, rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna eða félög múslíma að fá ekki sjálfkrafa til sín þá Pólverja, Rússa eða Egypta sem til landsins flytja. En félagafrelsi trompar þægindarök félagasamtaka. Fólk á ekki að þurfa að skrá sig úr félagi sem það skráði sig aldrei í. Já, og vissi ekki einu sinni að það væri skráð í.

Skráningum fylgja peningar. Sá sem skráður er í trúfélag styrkir málstað þess með rúmunum níu þúsund krónum á ári. Það er síðan ekki eins og öll þessi félög séu einhverjir jógaklúbbar. Þjóðkirkjan sjálf hefur frekar verið í hlutverki bremsunn-

ar í sumum framfaramálum fremur en hitt. Mörg annarra trúfélaga sem hér starfa eru síðan alþjóðleg og aðhafast ýmislegt hér og þar um heiminn, berjast til dæmis gegn smokkanotkun í Afríku eða beita sér fyrir setningu laga eins og þeirra í Pétursborg sem banna jákvæða umfjöllun um samkynhneigð. Fjölmörg þeirra hafa mismunum gegn konum og samkynhneigðum á kenningaskrá sinni. Sum hóta mönnum sem hverfa frá trúnni öllu illu. Það má í raun segja að ef taka ætti alvarlega þá grein stjórnarskrárinnar sem segir að trúfélögum væri óheimilt að „kenna neitt sem væri andstætt góðu siðferði“, væru nokkur þeirra í bobba. Ég veit ekki hvað mér finnst um að slík félög gegni opinberu hlutverki og ég veit ekki hvað mér finnst um að börn séu yfirhöfuð skráð í þau. En að það sé gert sjálfkrafa?

## Sóknargjöld hinna óskírðu

Nú vill svo til að það er sérstök athöfn, skírn, þar sem börn eru tekin inn í kristna kirkju. Í Danmörku eru börn einmitt skráð í kirkjuna við skírn. Ef við á annað borð höldum því grunnfyrirkomulagi að ríkið haldi utan um trúfélagaskráningu og leyfi skráningu barna í slík félög, þá hljómar þetta sem rökréttur tímupunktur. Hvað væri ósanngjarnt eða íþyngjandi við það fyrirkomulag? Hverju sækist Þjóðkirkjan þá annars eftir? Sóknargjöldum þeirra sem eiga mæður í Þjóðkirkjunni, en voru aldrei skírðir? Ekki verður séð að hún eigi réttláta heimtingu á því fé.

# Að virkja fyrir ömmu

Orkumál

**Dofri Hermannsson**  
formaður Græna netsins



í heiminum. Fjölbreytileiki hverasvæðanna er einstakur og fegurð landsins mikil. Sú staðreynd að þar gengur Atlantshafshryggurinn á land og að þar eru virkar eldstöðvar gerir svæðið óviðjafnanlegt sem jarðminjasvæði. Allt þetta væri vert að vernda fyrir virkjunum og tilheyrandi línulögnum þó enginn græddi neina peninga á því. Bara til að eiga þetta. Svona eins og handritin.

En svo er líka vel hægt að græða á því að vernda þetta einstaka svæði. Áhugi á útivist hefur aukist svo á síðustu árum að skrifum í gestabækur FÍ á Esjunni hefur á áratug fjölgað úr 2-3 þúsund í 12-14 þúsund. Sömu þróun sjáum við í Henglinum og við jarðhitasvæðin í Krýsuvík. Með aukinni áherslu á ráðstefnugesti, sífellt fleiri erlendum ferðamönnum og hækkandi bensínverði eykst verðmæti þessara náttúrusvæða. Að fjárfesta í eyðileggingu þeirra er galíð.

Nú vilja ýmsir að lífeyrissjóðirnir okkar verði notaðir til að virkja fyrir frekari stóriðju. Einkum virkjana-bransinn og stjórnarmenn lífeyrissjóða sem eru hallir undir stóriðjustefnu. Þegar hafa 14 lífeyrissjóðir keypt 25% hlut í HS orku. Með því hafa þeir stillt hagsmunum ömmu og afa upp með hagsmunum virkjana-geirans og á móti hagsmunum náttúrunnar og verndarnýtingar. Rætt er um að lífeyrissjóðir kaupi hluta í Landsvirkjun og eigi Hverahlíðarvirkjun. Þetta er afar varhugavert.

Í fyrsta lagi er mjög áhættusamt að fjárfesta í virkjunum og óvíst að peningarnir skili sér aftur. Einkum eru jarðvarma-virkjanir vandasamar. Þær eru í raun líkari námugreftri en virkjun lindar því eftir 50 ára nýtingu þarf að hvíla viðkomandi jarðhitasvæði í 100-200 ár. Aðeins 12-14% orkunnar eru nýtt, restin fer til spillis. Mengunarbúnaður til að ná brennisteini úr gufunni er of dýr til að það sé gert. Ekki beinlínis jákvætt á öld sjálfbærrar þróunar. Þó er ótalið það sem kannski skiptir mestu máli.

Á Reykjanesskaganum, allt frá Hengli að Reykjanestá, er samfelld náttúruperlufesti sem á sér hvergi samjöfnuð

Það væri hins vegar skynsamlegt að fjárfesta í verndarnýtingu þeirra. Eldfjallaljósgröður hefur verið nefndur sem dæmi. Það viðskiptamódel er vel þekkt og líklega er Yellowstone-hjósgröðurinn frægasta dæmið. Það sem við höfum að sýna er ekki síðra og er staðsett á milli alþjóðaflugvallar og höfuðborgarinnar. Þá væri hagsmunum afa og ömmu stillt upp með hagsmunum náttúru, umhverfis og komandi kynslóða. Af hverju skoða ekki lífeyrissjóðirnir okkar þennan fjárfestingarkost? Er þeim stjórnað af virkjana-iðnaðinum?

# GLEDIGJAFI!

KÖBEN / LONDON / BERLÍN / VARSJÁ / ALICANTE FRÁ:

# 14.900 KR.\*

SÓLARHRINGSTILBOÐ

**HEFST**

**Á HÁDEGI**

SPARI GÍRINN!

Þeir sem bóka bíla-leigubíl í apríl fyrir árið 2012 fá 5% afslátt af öllum bílaleigubílum og greiða ekkert afbókunargjald.

Iceland Express býður fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 14.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00 til kl. 12:00 á laugardag

**Áfangastaðir:** Kaupmannahöfn, London Gatwick, Berlín, Varsjá og Alicante.

**Ferðatímabil:** 14. apríl-10. júní

Þú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

## Iceland Express

-lækkar verð

5 500 600 | [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

# Afnám hafta án lífskjaraskerðingar

## Gjaldeyrishöft

### Lilja Mósesdóttir

formaður Samstöðu – flokks lýðræðis og velferðar



Ígreinaröð sinni í Fréttablaðinu um gjaldeyrishöftin kvartar Árni Páll Arnason sáran yfir miklum kostnaði við höftin og að enginn flokkur hafi skýra pólitíska sýn á lausn haftavandans. Árni Páll virðist hafa gleymt því að hann samþykkti ásamt þingflokki Samfylkingarinnar að innleiða gjaldeyrishöft í forni boða og banna í árslok 2008, þrátt fyrir að ég hafi margítrekað bent á aðra mun ódýrari leið fyrir þjóðina, þ.e. skattlagningarleiðina.

Auk þess virðist Árni Páll vera ómeðvitaður um það markmið Samfylkingarinnar að ganga í ESB og knýja Evrópska seðlabankann til að lána okkur um 1.000 milljarða, þannig að hægt verði að skipta aflandskrónum og eignum kröfuhafa yfir í erlenda gjaldmiðla. Vaxtakostnaður vegna lánsins frá Evrópska seðlabankanum yrði aldrei undir 30 milljörðum á ári. Tillaga mín um að taka upp annan gjaldmiðil á mismunandi skiptigengi til að leiðrétta verðmæti þessara froðueigna og verja lífskjör í landinu hefur ekki átt upp á pallborðið hjá þeim sem óttast að nauðsyn ESB aðildar minnki verði þessi leið farin. Markmið Samfylkingarinnar er að hámarka verðmæti eigna aflandskrónueigenda og kröfuhafa með því að blóðmjólka almenning í gegnum lágt gengi krónunnar og aukna skattheimtu.

## Dýrustu höftin

Að baki aflandskrónunum og eignum kröfuhafa gömlu bankanna voru einkaskuldir fyrirtækja sem fóru í þrot og full innistæðutrygging. Neyðarlögin sköpuðu hluta af aflandskrónuvandanum, þar sem lögin veittu fulla innistæðutryggingu. Upphæðin sem skattgreiðendur voru látnir tryggja hjá föllum fjármálastofnunum hér á landi umfram lögbundna lágmarkstryggingu var 1.050 milljarðar. Í stað þess að innleiða tillögu mína um allt að 80% skatt á ústreymi fjármagns var ústreymi froðueigna bannað og þeim tryggð hæsta ávöxtun sem

stærri og erfiðari. Þrjár leiðir hafa komið fram um hvernig eigi að afnema höftin, þ.e. skuldsetningarleið Samfylkingarinnar, harðindaleið (shock therapy) Sjálfstæðismanna og skiptigengisleiðin.

## Harðindaleiðin

Margir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins vilja aflétta í einu vetfangi banni á ústreymi froðueigna og leyfa krónunni að falla því hún muni síðan hækka. Þessir aðilar virðast ekki hafa miklar áhyggjur af gríðarlegri hækkun verðs á innfluttum vörum eins og matvælum og áhrifum þess á heimilinn og fyrirtækin. Mikil fátækt og

gengur út á að leiðrétta gengi froðueignanna án þess að skerða lífskjör enn meira en orðið er.

## Skiptigengisleiðin

Skattlagningu á ústreymi fjármagns hefur verið hafnað á þeirri forsendu að skatturinn gangi á eignarrétt kröfuhafa og gegn ákvæði EES samningsins um frjálst flæði fjármagns. Uptaka Nýkrónu með mismunandi skiptigengi er leið fram hjá þessum vandkvæðum. Launum fólks í landinu yrði breytt í Nýkrónu þannig að upphæð þeirra yrði óbreytt. Froðueignum á leið út úr landi yrði hins vegar skipt yfir í Nýkrónu þannig að 10 milljónir í gömlum krónum yrðu t.d. 2 milljónir í Nýkrónum. Uptaka Nýkrónu myndi þannig laga ytra ójafnvægi hagkerfisins sem birtist í því að þjóðin hefur ekki efni á að kaupa krónueignir aflandskrónueigenda og kröfuhafa nema fella gengi krónunnar enn meira og skerða verulega lífskjör almennings með hærri vöruverði og dýpkandi skuldakreppu heimilanna.

Jafnframt væri nauðsynlegt að nota upptöku Nýkrónunnar til að laga innra ójafnvægi hagkerfisins sem felst í því að sumir eiga alltof miklar eignir (fjármagnseigendur og lífeyrissjóðir) og aðrir eru of skuldsettir. Við upptöku Nýkrónunnar þyrfti því að skrifa húsnæðisskuldir þannig að 10 milljón kr. lán í núverandi krónum yrði 8 milljónir í Nýkrónum og lækka eignir fjármagnseigenda til samræmis. Uptaka Nýkrónu er ekki töfrabragð heldur nauðsynleg varnaraðgerð til að koma í veg fyrir aukna fátækt og stórfelldan landflótta á næstu árum.

Markmið Samfylkingarinnar er að hámarka verðmæti eigna aflandskrónueigenda og kröfuhafa með því að blóðmjólka almenning í gegnum lágt gengi krónunnar og aukna skattheimtu.

völ er á í Evrópu sem magnað hefur upp haftavandann. Skattur á ústreymi fjármagns eins og ég lagði til hefði fært verðmæti eigna aflandskrónueigenda og kröfuhafa nær greiðslugetu þjóðarbúsins og tryggt fjármögnun ríkissjóðs. Skattlagningarleiðin var ekki farin, þar sem hún hefði truflað ESB-umsóknina og mætt andstöðu hjá AGS sem hefur það hlutverk að tryggja hámarks endurheimtur kröfuhafa.

## Þrjár afnámsleiðir

Haftavandinn væri úr sögunni ef skattlagningarleiðin hefði verið farin. Þess í stað er hann orðinn

gjaldprot margra einstaklinga og heimila eru óhjákvæmilegir fylgiskuldir þessarar harðindaleiðar. Fylgjendur hennar tala líka um nauðsyn þess að skera enn frekar niður útgjöld ríkissins til að mæta 200 milljarða sölu aflandskrónueigenda á ríkisskuldabréfum við afnám haftanna. Niðurskurður sem myndi ríða velferðarkerfinu að fullu. Lífskjaraskerðingin kemur strax fram ef harðindaleiðin yrði farin og legðist þyngst á þá verst settu. Skuldsetningarleiðin gefur hins vegar möguleika á að dreifa lífskjaraskerðingunni yfir lengra tímabil og misþungt eftir tekjuhópum. Skiptigengisleiðin

## AF NETINU

### Gíslar teknir í Norðfirði

Kvótagreifarnir halda áfram að taka gísla. Fyrst stöðvaði Þorsteinn Már Baldvinsson vinnslu á Dalvík fyrir erlent dótturfyrirtæki Samherja. Nú hefur Gunnþór Ingvarsson hjá Síldarvinnslu Samherja í Norðfirði bætt við hótun um að reka áhöfn Barðans. Í báðum málum heimta greifarnir, að opinberir aðilar makki rétt við mafiuna. Gefi eftir í dómsmálum og lagafrumvörpum. Tárin eru sjaldan fjarri grátkórnum. Gunnþór hafði ógeðfellað grátstaf í kverkunum, er hann flutti boðskap gíslatökunnar. Kvótagreifar hafa rænt þjóðina auðlind hennar og eru ákveðin að verja þýfið með kjafti og klóm. Einnig með gráti.

<http://jonas.is/>

Jónas Kristjánsson

## Væll

Evrópusambandið heldur vel utan um hagsmunir þeirra ríkja sem það mynda. Er það tíðindi? Það sýnist mér ekki – heldur einmitt ein af ástæðunum fyrir því að Íslendingar eiga að gerast aðilar. Viðbrögð sem stungið er upp á núna – að hætta viðræðunum við Evrópusambandið eða fresta þeim af þessu tilefni – bíðum við: Voru það ekki einmitt okkar forystumenn, úr öllum flokkum, sem lýstu því yfir að Icesave-málið og aðildarumsóknin væru óskýld mál? Ætlum við núna að tengja þau saman?

<http://blog.ejjan.is>

Mörður Árnason

ÚTILÍF

# NESTI OG NÝIR SKÓR

FYRIR ALLA KÁTA KRAKKA.



**VERÐ 5.990 KR.**

VIOX GÖTUSKÓR  
STÆRDIR 24-37.

TÖFF SKÓR FYRIR SUMARIÐ.



**VERÐ 5.990 KR.**

VIOX GÖTUSKÓR  
STÆRDIR 24-37.

ÞÆGILEGIR FYRIR LITLA FÆTUR.  
EINNI TIL GRÁIR M/BLÉIKU.



**VERÐ 5.990 KR.**

VIOX GÖTUSKÓR  
STÆRDIR 24-33.

SÆTIR STELPUSKÓR. EINNIG TIL  
Í SVÖRTU M/FJÓLUBLÁU.



**VERÐ 6.990 KR.**

NIKE GÖTUSKÓR  
STÆRDIR 19,5-27.

FLOTTIR SKÓR Á LITLA BRÓÐUR.

# SPRENGITILBOÐ

12 OG 13 APRÍL Á DEWALT VERKFÆRUM

Í DAG OG  
Á MORGUN

DCD710S2

## HLEÐSLUBORVÉL 10,8V

10mm patróna  
Hersla: 25Nm  
2 x 1,3 Ah Li-Ion



**28.900**

Var 49.900

DCD780L2

## HLEÐSLUBORVÉL 18V XR

Patróna: 13mm  
Hersla: 60Nm  
2 x 3,0Ah Li-Ion



**59.900**

Var 79.900

DW770

## GEIRUNGSSÖG 1600W

Blað: 216mm  
Hraði: 6300 sn/min  
Gráður: 50/50°  
Skurðargeta: 62 x 265mm



**63.900**

Var 75.900

DE7023

## BORÐ FYRIR GEIRUNGSAGIR

Hægt að lengja - tekur lítið pláss



**33.900**

Var 44.900

DC727KI

## HLEÐSLUBORVÉL 18V M/HÖGGI

Patróna: 13mm  
Hersla: 41Nm  
2 x 2,0Ah NANO



**59.900**

Var 79.900

DCK296CS

## BORVÉL 18V OG SKRÚFVÉL 10,8V

2 x 1,5Ah 18V, 2x1,5 Ah 10,8V  
Hleðslutæki: 40mín  
Hörð taska



**94.900**

Var 109.900

D25124K

## HÖGGBORVÉL SDS+

800W - 13mm patróna fylgir  
0-3,4 J



**39.900**

Var 69.900

DCK211S2

## BORVÉL OG HERSLUVÉL 10,8V

Rafhlöður: 2 x 1,3Ah  
Hleðslutæki: 40mín  
Mjúk taska



**39.900**

Var 64.900

TS170321

## VERKFÆRATASKA HÖRÐ

DS150  
8 plasthólf eru í tösku  
Hólf í loki  
Hægt að læsa tösku



**10.900**

Var 15.900

D28135

## SLÍPIROKKUR 1400W

125mm - 10.000 sn/min



**16.900**

Var 22.900

DW088

## LASER TVEGGJA LÍNU

Sjálfstillandi  
Þyngd: 0,46kg  
3 x AA rafhlöður  
+/- 0,3mm/m  
Drægni: 15m



**38.900**

Var 59.900

DW089K


## LASER ÞRIGGJA LÍNU

Sjálfstillandi  
Þyngd: 0,8 kg  
4 x AA rafhlöður  
+/- 0,3mm/m  
Drægni: 15m



**79.900**

Var 109.900



**20%**  
AFSLÁTTUR  
AF AUKAHLUTUM

www.sindri.is / sími 575 0000

**SINDRI**



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HOLLAR FRANSKAR

Sætar kartöflur eru hollar og góðar. Þær eru ríkar af A- og C-vítamíni. Hægt er að matreiða þær á margvíslegan hátt. Sem dæmi má matreiða þær eins og franskar kartöflur. Penslið með olíu og bragðbætið með salti og pipar og bakið í ofni í 30 mínútur.

# Hálendis spjót

NÝTT

## Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífufólú, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuduðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

# 2.690 kr.



LIFE IS BEAUTIFUL



Grillhusid Tryggvagötu og Sprengisandi,  
sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is



## ÁFERÐARFALLEGUR SALT FISKUR

**EINAR GUNNAR GUÐMUNDSSON** hefur lengi haldið upp á saltfisk. Hér deilir hann uppskrift að einum af uppáhaldssaltfiskréttinum sínum. Þessi réttur er einfaldur en um leið afar bragðgóður.

**E**inar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur frumkvöðla- og nýsköpunarmála hjá Arion banka, hefur staðið í ströngu við skipulag Sprotapings Íslands sem haldið er í dag. Á þinginu mun Arion banki meðal annars kynna þjónustu til sprotafyrirtækja sem nefnist Startup Reykjavík. „Þessi þjónusta er nýmæli á Íslandi að því leyti að þarna tekur einkaaðili sig til og býður frumkvöðlum hlutafé og traustan stuðning“, segir Einar Gunnar.

### AÐSTOÐA FRUMKVÖÐLA

Við munum til dæmis bjóða upp á mjög öfluga leiðbeinendur sem aðstoða frumkvöðlana með fyrstu skrefin. Þetta eru meðal annars aðilar úr háskóla-umhverfinu, einnig eldri frumkvöðlar, fjárfestar og gott rekstrarfólk.“

### GÓÐUR SALT FISKUR

Einar Gunnar er mikill matgæðingur og er saltfiskur í uppáhaldi hjá honum þótt hann vildi gjarnan borða hann oft. „Ég hef eldað saltfisk í fimmtán ár í alls kyns útgáfum. Bæði hefðbundnari uppskriftir eins og saltfisk í tómatsósu og svo aðrar óhefðbundnari uppskriftir.“ Hann segir uppskriftina sem hann deilir með lesendum í dag flokkast í óhefðbundna flokkinn en rétturinn er í miklu uppáhaldi hjá þeim hjónunum. „Þessi réttur er bæði áferðarfallegur og virkilega bragðgóður. Saltbragðið virkar ótrúlega vel með hvítlauknum. Það er líka lyklatríði að drekka gott rauðvín með þessum rétti og muna að hafa tvær vatnskönnur við borðið. Börnunum finnst hann einnig mjög góður þótt þau kjósi nú almennt frekar einfaldari mat.“

**SÆLKERI** Saltfiskur er í miklu uppáhaldi hjá Einari Gunnari Guðmundssyni, sérfræðingi frumkvöðla- og nýsköpunarmála hjá Arion banka

MYND/ PIETUR SIGURDSSON

FRAMHALD Á SÍÐU 2

Eva Sveinsdóttir  
Margfaldur Íslandsmeistari  
í Icefitness



**Heilsuréttir Nings**  
og kroppurinn blómstrar

## Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12  
Sími 588 9899 • www.nings.is



Sveinbjörn  
Sveinbjörnsson  
Margfaldur  
BootCamp- og  
Crossfitt meistari  
Íslands

# RISABASAR

## Rauða krossins í Kópavogi

### 14. apríl

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur RISA basar laugardaginn 14. apríl kl. 12-16 í Rauðakrosshúsinu Hamraborg 11, 2. hæð. Þar verður til sölu þrjónavörur á börn og fullorðna, svuntur, vettlingar, hárskraut, ljósaseriur og margt fleira. Nemendur úr áfanga um sjálfbóðið starf við Menntaskólann í Kópavogi verða einnig á staðnum með veglegan kókubasar!

Fullt af nýjungum og ótrúlegt úrval af handverki og góssi! Ekki missa af þessu!

Allur ágóði rennur til verkefna innanlands.

**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

sími 554 6626 • kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur



Sumarið nálgast!

15% afsláttur af öllum vörum fram á laugardag.

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.  
Sími 894-8060 • www.rollo.is • Facebook



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FRÉTTIR | VÍÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

**FÁÐU ÞÉR VÍSI OFT Á DAG**

**vísir**  
- oft á dag

# TVINNA SAMAN TÁGAR OG POSTULÍN

**DANS DANS DANS** Lampar og ljós sem bera nöfn eins og Rúmba, Tangó og Vals verða sýnd í Kirsuberjatrénu næstu tíu daga.

Margrét Guðnadóttir og Guðný Hafsteinsdóttir opna sýninguna Dans – Dans – Dans í Kirsuberjatrénu í dag. Þar sýna þær lampa og ljós sem þær unnu saman í Postulíni og tágum.

„Samstarf okkar hófst á Hönnunarmars síðastliðnum en við tókum báðar þátt í sýningunni Fléttu. Við höfum þekkt miklu lengur en ákváðum að slá saman og tvinna þessi tvö efni, tágur og postulín, saman,“ útskýrir Guðný.

Lampana og ljósin vinna þær algerlega í sameiningu og þó að efnin séu ólík segir Guðný þær ekki hafa átt í vandræðum með að finna taktinn.

„Vinnuheiti sýningarinnar Flétta var Tvist og við ákváðum að vinna áfram undir þemanu dans, allir lamparnir heita dansnöfnum, svo sem tangó, break, rúmba og vals. Við byrjum á að skissa hlutinn og förum svo bara að vinna. Stundum tekur verkið aðra stefnu og lampi sem átti að vera borðlampi endar kannski sem vegggljós að lokum. En við



hugsum á svipuðum nótum og þetta rennur vel saman. Við sjáum endalausa möguleika í vinnslu þessara tveggja efna, ekki bara í lampa heldur í alls kyns fleiri hluti.“

Sýningin verður opnuð klukkan 17 í Herberginu í Kirsuberjatrénu, Vesturgötu 4 í dag og lýkur mánudaginn 23. apríl. ■ rat

**SAMVINNA** Margrét Guðnadóttir og Guðný Hafsteinsdóttir hugsa á svipuðum nótum og stefna á frekara samstarf. MYND/VALLI

**PITSUÁSKORUN**

**GIRNILEG PITSA** Aðalsteinn Leifsson með pitsuna sína.

## SKORAR Á SVERRI

**GÓÐGÆTI KYNNIR** Wewalka-pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.

Næstu föstudaga verða birtar hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi. Halldóra Traustadóttir skoraði á Aðalstein Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

### HOLL OG SPENNANDI SPÍNATPITSA/FLAMMKUCHE

1 speltbotn frá Wewalka  
½-1 poki af fersku spinati  
½ poki af (ristuðum) furuhnetum  
1 krukka af fetaosti (má vera kryddleginn) í olíu  
Rósmarín (gjarnan ferskt)  
Handfylli af rifnum mozzarella-osti  
Mikilvægt er að setja fetaostinn fyrst á botninn. Látið hluta af olíunni (um helming af olíunni í krukku-enni) fylgja með þannig að það verði örþunn lag af olíu á allri pitsunni. Setjið þá mozzarella-ostinn. Dreifið því næst fersku spinati yfir pitsuna og sáldrið furuhnetunum yfir. Loks er rósmarín sett yfir (ein teskeið ef

þurrkað en um tvær matskeiðar ef ferskt).  
Bakið í ofni við 180 gráður í 10-15 mínútur eða þar til fallegur litur kemur á skorpu botnsins.  
Þessa þrælhollu og góðu pitsu/flammkuche má hvort heldur borða sér eða bera fram með ýmiss konar mat, svo sem súpum, fiski og svo framvegis.

Ég ætla að skora á matgæðinginn Sverri Viðar Hauksson, sem er formaður stýrihóps um græna orku með meiru.



## SALTFISKUR MEÐ HVÍTLAUKS-PASTA OG STEIKTU GRÆNMETI

AÐALRETTUR FYRIR 4

FRAMHALD AF FORSÍÐU

1 eggaldin  
5-8 gulrætur  
Slatti af grænum ólífum  
250 g smjör  
2-3 hvítlauksrif  
400 g spagetti  
1 bunt fersk steinselja

Eggaldin er skorið í skífur og gulrætur í þykkar ræmur. Grænmetið er steikt upp úr smjóri eða ólífuolíu að vild. Ólífunar eru skornar í skífur. Sjóðið spagetti samkvæmt leiðbeiningum. Bræðið næst smjórið og setjið pressaðan hvítlauk út í það. Helmingi af smjörinu og allri steinseljunni er blandað við spagettiið. Saltfiskurinn er næst steiktur með roðið niður. Þegar fiskur er tilbúinn er honum raðað fallega á diskinn. Stráið næst skornu ólífunum yfir fiskinn og grænmetið. Að lokum er afganginum af smjörblöndunni hellt yfir fiskinn á disknum.

1 eggaldin er skorið í skífur og gulrætur í þykkar ræmur. Grænmetið er steikt upp úr smjóri eða ólífuolíu að vild. Ólífunar eru skornar í skífur. Sjóðið spagetti samkvæmt leiðbeiningum. Bræðið næst smjórið og setjið pressaðan hvítlauk út í það. Helmingi af smjörinu og allri steinseljunni er blandað við spagettiið. Saltfiskurinn er næst steiktur með roðið niður. Þegar fiskur er tilbúinn er honum raðað fallega á diskinn. Stráið næst skornu ólífunum yfir fiskinn og grænmetið. Að lokum er afganginum af smjörblöndunni hellt yfir fiskinn á disknum.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is s 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirb@365.is s 512 5432  
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

13. APRÍL 2012

# Lífið

BÝR SIG UNDIR  
ÓLYMPÍULEIKANA

UPPLIFIR  
DRAUMAVEKFNID

STJÖRNUR Á  
SKÍÐUM

## OKKUR KOM EKKI SAMAN UM FRAMTÍÐINA

FYRIRSÆTAN ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR UM SKILNAÐ-  
INN, FYRIRSÆTUFERILINN, LÍFIÐ Í BÚLGARÍU OG ÁSTINA



**HVERJIR VORU HVAR?**

Sjónvarpsfólkið Sigmundur Guðmundsson og **Margrét Erla Maack** voru á meðal fjöldans sem lagði leið sína vestur um síðustu helgi á rokkhátíð alþjóðunnar „Aldrei fór ég suður“ á Ísa-



firði. Þar töfðuðu Beggi og Pacas fram indverskar kræsingar á veitingahúsinu Pönnuköku Bar-Inn á meðan listamaðurinn Hugleikur Dagsson



sat sallarólegur á kaffihúsinu Húsinu með ferðavélina sína. Þá mátti sjá Sigurð Inga Bjarnason, skartgripahönnuð Sign, söngkonuna **Heiðu**



**Ólafs** og spákonuna Sigríði Klingenberg skemmta sér stórvél. Leikarinn **Pálmi Gestsson** las Passíusálma í Bolungarvík í hvorki meira né minna en sex klukkutíma samfleytt.



**Lífíð**

**UMSJÓN**

Elly Ármanns elly@365.is  
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrun@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.  
Forsíðumynd Arnold Björnsson  
Útlitshönnun Arnór Bogason  
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is  
Lífíð Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík, sími 512 5000  
www.visir.is/lifid

Förðun & hár Ásdísar: Bergþóra Þórsdóttir hjá Kalla Berndsen. Fatnaður: Júnik Smáralind/Sara Lind. Sérstakar þakkir: Icequeen Cosmetics.



**ELLEFU STÚLKUR Í MÓDELKEPPNI ESKIMO**

Ellefu stúlkur hafa hafa nú verið valdar til að keppa í módelkeppni sem Eskimo og Next standa fyrir.

Stúlkurnar taka þátt í flottri sýningu sem fram fer í Hörpu 18. apríl. Þar verður ein stúlka valin sem Eskimo-stúlkan 2012. Andlit Maybelline verður einnig valið. Dómnefndina skipa Jason Valenta frá Next, Ari Magg ljósmyndari, Ellen Loftsdóttir stílísti, Brynja Jónbjarnardóttir fyrirseta og Hildur Yeoman fatahönnuður. Keppnin er hugsuð sem stökkpallur fyrir stúlkur sem vilja reyna fyrir sér í fyrirsetubransanum.



Eskimo stóð fyrir módelkeppni í fyrra. Þar var Kolbrún Yr Sturludóttir í fyrsta sæti, Kolfinna Kristófersdóttir, sem er á góðri leið með að verða súpermodel úti í heimi, í öðru, og í þriðja sæti Hildur Hermannsdóttir. LJÓSMYND: DANIEL RÚNARSSON.

**TYGGÐU EXTRA EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ**

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframlæislu, jafnar súrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar syklaársír á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

**Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR...**

Það varð vart þverfótað fyrir fólki í Hlíðarfjalli á Akureyri yfir páskahátíðina. Stemningin var einstaklega góð enda leikin þar lifandi tónlist og ágætis veður var í fjallinu.

Fjölskyldufólk með börn á öllum aldri lét sjá sig og voru margir að stíga sín fyrstu skref í skíðamennskunni. Meðal þeirra voru Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi, ásamt unnustu sinni, Írisi Ösp Bergþórsdóttur og þremur börnum. Kollegi hans Villi, eða Vilhelm Anton Jónsson, sást einnig með sína fjölskyldu. Forsetadóttirin Tinna Ólafsdóttir viðraði sig með tvíburakerruna á meðan eiginmaður hennar, Karl Pétur Jónsson kíkti í brekkurnar. Einnig sýndi stjörnuþarið Tobba Marínós og Karl Sigurðsson glæsilega takta í brekkunum, ásamt Sigríði Elínu Ásmundsdóttur, ritstýru Húsa og híbýla.

Stjörnurnar eyddu páskunum á Akureyri.





# Síðasta helgin!

Við kynnum nýjan A la Carte 15. apríl!

## Allt í steik!

Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli **5.960 kr.**

1 LÉTTREYKTUR LAX OG LAXATARTAR  
með agúrkusalati, vatnakarsa og piparrótarkremi

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA  
með Madeira og grilluðum humarhólum

VELDU PER ADALRÉTT

FISKUR DAGSINS  
ferskasti fiskurinn hverju sinni,  
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

3 NAUTAFILLE  
með kartöflu- og selleryrótarköku,  
blönduðum skógarsveppum og bearnaisesósu

eða


LAMBASKANKAR  
með kartöflumauki, rjómasoðnu  
rótargrænmeti og rósmarínsósu

4 VOLG SÚKKULAÐIKAKA  
með sólberjasósu og vanilluís

Verð aðeins  
5.960 kr.  
Næg bílastæði

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistararanum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!



Gjafabréf  
Perlunnar  
Góð gjöf við  
öll tækifæri!

Servida  
BESTA

FRONTERA

Globus

Lindsay

GUDJÓNÓ

GUÐRÁÐ

Garri

Danana

IKjötsmúsi  
KJÖTINNNA

SD

PERLU KAUP

Ekran

MARLAND  
FISKUR ER OK KAR FAG

Kaffitár

BAKKUS

Lambhagi

ISFUGL

ms

HUMARSALAN

FASTUS


Gull

Mit

Niska

Veitingahúsið Perlan  
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207  
Netfang: perlan@perlan.is  
Vefur: www.perlan.is

**ATHAFNAKONAN**



# ER AÐ UPPLIFA DRAUMAVERKEFNIÐ

**Hver er konan?** Helga Ólafsdóttir

**Starf?** Hanna Ígló barnafötin, rek fyrirtækið ásamt fleirum og er einn af eigendum Ígló barnafatamerkis.

**Bakgrunnur/menntun?** Lærði fatahönnun í Kaupmannahöfn og London. Vann sem hönnuður hjá Nikita, All Saints og Ilse Jacobsen.

**Lá það alltaf fyrir að fara þessa leiðina í lífinu?** Já og nei, ég saumaði og þrónaði mikið sem barn með ömmum mínum og

mömmu. Ég hafði mikinn áhuga á stærðfræði í menntaskóla en eftir hann vildi ég fara að gera eitt-hvað allt annað. Eftir stúdentspróf skráði ég mig í fatahönnun, japönsku eða fjölmiðlafræði. Fatahönnunin var mitt fyrsta val og ég komst inn í fatahönnunarskólann sem ég hafði sótt um og ákvað láta slag standa.

**Hvenær og hvað varð til þess að Ígló varð til?** Ég var búin að hanna kvenfatnað í tíu ár og langaði að breyta til. Ég byrjaði að

teikna barnaföt í fæðingarorlofi þegar ég eignaðist strák, mér fannst svo lítið til af flottum og þægilegum strákaötum. Þremur árum seinna var Ígló stofnað. Núna er Ígló tæplega 3 ára með 6 starfsmenn og selur fatnað á börn á aldrinum 0-11 ára í sex löndum.

**Hvernig gengur að vera fatahönnuður og sinna öllu sem því fylgir og að reka verslun á sama tíma?** Það gengur stórvél, það er frábært fólk að vinna hjá

**EVANS KYNNIR: FLOTTAN TÍSKUFATNAÐ Á KONUR Í STÆRÐUM 14-32 EVANS ER Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND**

**BOLUR**  
7.995 kr.



**TOPPUR**  
12.995 kr.



Brot af sumarlínu Ígló 2012.

Ígló og alltaf nóg að gerast. Það var mikilvægt skref fyrir Ígló að opna sína eigin verslun á Lauga-vegi, þar sem öll línan er í boði.

**Hver er hápunktur ferilsins hingað til?** Að sjá Ígló vaxa og þroskast.

**Áttu þér draumaverkefni?** Ígló er draumaverkefni mitt.

**Hvernig gengur að samtvinna ferilinn og móðurhlutverkið?** Það gengur mjög vel, ég á mjög skilningsríkan mann, tvö yndis-

leg börn og þriðja á leiðinni. Fjölskyldan hefur alltaf hjálpað til og ég spyr börnin mín oft álits varðandi hönnunina og þau koma oft með bestu hugmyndirnar.

**Hvað gerirðu þegar þú ert ekki að vinna?** Á veturna vil ég helst komast á skíði sem oftast. Annars finnst mér ekkert betra en að eyða tímanum með fjölskyldunni og góðum vinum.

**Hvert er þitt mottó í lífinu?** Lifa lífinu á meðan ég er lifandi.


## SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa **NATURA KERATIN** kraftaverkameðferð sem virkal

Haft eftir viðskiptavinum okkar:

**Viborg:** Ég veiknaði á venjulegum tíma drof mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við reustu, 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!

**Gúlaug:** Besta færingin sem ég hef gert hvað varðar hárið mitt!




BYLTINGAKENND MEDFERÐ ÞAR SEM KERATIN OG ALOE BARBADENSIS ER NOTUÐ TIL AÐ INNSIGLA HÁRIÐ. MÖGNUÐ MEDFERÐ SEM GERIR HÁRIÐ MJÚKT, SLÉTTARI, HEILBRIGT OG GLANSANDI. ÞESSI MEDFERÐ VIRKAR EINS OG KRAFTAVERK Á ÞURRT, ÚRFIÐ, VIÐKVÆMT OG BROTTVEITT HÁR. BESTI KOSTURINN FYRIR LITAE HÁR, HÁR MED STRÍPUM EÐA SKEMMT HÁR.

**SALON REYKJAVÍK** GRANDAGARÐUR 5  
101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305

## VORTÍSKAN Í VINNUNNI

Vorið er farið að láta kræla á sér og það má greinilega sjá á breyttum og léttari fatnaði glæsikvænna sem Lífið kíkta í vikunni.



ELMA

GS-SKÓRI

ÁSTRÍÐUR VIÐARSDÓTTIR  
FJÖLMIDLAKONA



ZARA

E-STAR

KÖLTÖR

BIRTA FLÓKADÓTTIR  
MARKAÐSSTJÓRI



VINTAGE

MONKI

TOPSHOP

SIXMIX

MARÍN MANDA MAGNÚSDÓTTIR  
ATHAFNAKONA



# Okkar frábæri fjölskyldusófi nú í þremur litum!



Tilboð  
**199.900.-**

Haag  
fjölskyldusófinn

Fæst í fleiri útfærslum!



Tilboð  
**249.900.-**



Tilboð  
**219.900.-**

Fullt af fallegum  
sessum og púðum

3 fyrir 2  
af púðum



Hrinda frá sér - geta verið úti!

Margar gerðir af  
sushi-settum

Verð  
**4990.-**



Glæsileg ný glös og glasaskraut



Glæsilegir gæðaleðursófar Semi-Analin leður

Afsláttur:  
**120.000.-**



Tilboð  
**279.930.-**

Verð 399.900.-



Mósaíkborð  
Margar gerðir  
Verð frá 24.900.-



Finndu okkur á Facebook!

the  
**PIER**

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# NÚ VIL ÉG BARA VERA EIN Í EINHVERN TÍMA

Fyrirsætan Ásdís Rán Gunnarsdóttir skildi nýverið við eiginmann sinn og barnsföður, knattspyrnumanninn Garðar Gunnlaugsson. Þau hófu sambúð fyrir níu árum og eiga saman börnin Hektor 6 ára og Victoríu Rán 5 ára. Ásdís er jákvæð og horfir björtum augum fram á við.

## ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR

ALDUR? 32 ára.

HJÚSKAPARSTADA? Einhleyp.

AFKVÆMI? Robert, Hektor og Victoría Rán.

STARFSHEITI? Framkvæmdastjóri, hönnuður fyrir Icequeen, fyrirsæta og mamma.

**Hvernig gengur þér að takast á við lífið og tilveruna eftir að þú skildir við eiginmann þinn til sex ára, fótboltamanninn Garðar Gunnlaugsson sem er búsettur á Íslandi?** Það hefur gengið ótrúlega vel. Þetta er eflaust auðveldara í okkar tilfalli heldur en hjá flestum þar sem við höfum búið í sundur svo mikið og breytingarnar ekki svo gífurlegar en auðvitað er þetta alltaf erfitt eftir svona mörg ár saman.

**Viltu segja okkur af hverju þið Garðar ákváðu að skilja?** Við erum búin að vera allt of mikið í sundur og að eignast okkar eigið líf hvort í sínu horninu. Okkur kom ekki saman um framtíðina. Hann vill eitt og ég annað þannig að þetta er bara best svona. Við höfum eytt mjög ævintýraríkum og góðum níu árum saman og erum bara sátt við þau að öllu leyti. Ég væri ekki þar sem ég er í dag án Garðars. Það er ástæða fyrir öllu og ég er þakklát fyrir þennan tíma en nú tekur við nýtt líf og ég efast um að ævintýrum mínum fari fækkandi.

**Hvernig er sambandið milli ykkar í dag?** Það er ágætt. Við eyddum páskafríinu að mestu leyti saman þannig að við erum engir óvinir en vissulega er einhver smá

togstreita á milli okkar.

**Hvernig gengur þér að vera einstæð móðir fjárhagslega og tilfinningalega?** Ég hef alltaf verið mjög sjálfstæð hvort sem ég er í sambandi eða ekki. Aðstæðurnar verða auðvitað aðeins erfiðari fjárhagslega en það er enginn sem þarf að hafa áhyggjur af mér. Ég er í tilfinningalega góðu jafnvægi og mér líður vel. Ég hef alltaf verið svolítill einfari í mér en ég á vissulega eftir að sakna Garðars.

**Hvernig hafa börnin brugðist við aðskilnaðinum?** Ég held þau geri sér ekki alveg grein fyrir þessu þar sem þau eru vön því að við erum ekki alltaf saman og breytingarnar ekki gífurlegar fyrir þau. Hektor hefur tekið þessu verst. Hann er sex ára og þælir aðeins í þessu. Við reynum að gera þetta eins þægilegt og hægt er fyrir þau. Við tölum öll mikið saman á Skype-samskiptaforritinu og reynum að gera það besta úr aðstæðum.

**Hafið þið ákveðið forræði barnanna í framtíðinni?** Það er ekki alveg komið í ljós þar sem þetta er svo nýlega skeð en eins og er þá er Garðar með Hektor á Íslandi og ég með Victoríu Rán í Búlgaríu.

## Í góðu jafnvægi

**Ertu í góðu jafnvægi í þessari rússíbanareid Ásdís?** Já, ég er alveg í ótrúlega góðu jafnvægi og get ekkert kvartað.

**En hvernig hefur móðurhlutverkið breytt þér og viðhorfum þínum?** Erfitt að segja, þar sem

**lavera**  
VOTTADAR LÍFRÆNAR HÚÐVÖRUR

Sölustaðir: Hagkaup, Heilsuhúsið, Lyfja og önnur apótek

**lavera** HOLLT FYRIR HÚÐINA



ég var bara krakki þegar ég varð mamma. Ég var sautján ára gömul en það mótaði mig. Gerði mig sterkari en samt umhyggjusamari. Maður lærir svo margt gott. Ég var svoddan villingur á þessum tíma og móðurstarfið róaði mig og kenndi mér auðmýkt, umhyggju og að vera ekki eigingjör. Ég man að fólk dæmdi mig mikið af þessari ákvörðun að eiga barn svona ung og ég heyrði stanslaust tuggið á því að nú væri líf mitt búið, að það yrði aldrei neitt úr mér og draumarnir mínir búnir að vera. Ég man að ég reiddist oft mikið en sagði ekkert. Þetta pumpaði svolítið upp eldmóðinn í mér og

ég hef alltaf trúað því að maður geti gert allt sem maður vill bara ef maður setur nógu mikla vinnu og ákveðni í það. Ég fæ svo mikið af bréfum mánaðarlega frá ungum stelpum í sömu aðstæðum og ég var á þessum tíma. Ég fæ oft smá sting í magann þegar ég hugsa til þess því þetta var ekki auðvelt. Þessar stúlkur vantar leiðbeiningar og ráð og langar til að fara sömu braut og ég gerði. Því miður næ ég ekki að svara öllum bréfunum en ég gæti eflaust komið upp ágætri ráðgjafabjónustu á þessu sviði. Ég hef alltaf lagt mikinn metnað í allt sem ég geri og ég passa að gera allt 100% því ég er

smá fullkunnarsinni í mér. Til að mynda þegar ég fer í myndatökur þá vinn ég frekar eins og listamaður. Ég passa upp á að vera bara með rétta fólk í kringum mig sem ég vel sjálf til að fá rétta útkomu hverju sinni.

**Hvernig var uppeldi þitt og hafði það áhrif á þig sem barn?** Foreldrar mínir skildu þegar ég var þriggja ára og ég man voða lítið eftir því. Ég hef alist upp með foreldrum mínum hvoru í sínu lagi þannig að það hafði ekki mikil áhrif á mig sem barn. Þau eru bæði yndisleg og standa við bakið á mér í gegnum súrt og sætt. Pabbi, Gunnar Vignisson,

Ég fer aðallega í ræktina. Kannski nudd eða spa, slappa af með góðum vinum, fer út að borða, nýt lífsins og hef gaman.

**Áttu góða að sem styðja þig í gegnum skilnaðinn?** Þetta er kannski erfiðasti parturinn. Ég er ein úti með enga fjölskyldu og er búin að fara alveg ein í gegnum þetta ferli. Fjölskyldan auðvitað stendur við bakið á mér hérna á Íslandi og ég heyri í þeim á Skype og þannig. Garðar er í töluvert betri aðstæðum með alla fjölskyldu og vinina hjá sér. En það getur líka verið þroskandi og gott að tak-

ast á við svona erfiðleika ein. Ég hugsa að það styrki mig bara og mér hefur tekist þetta ótrúlega vel.

#### Jákvæð og hjartsýn

**Umtalið í kringum skilnaðinn og þitt líf almennt. Hvernig hefur þú tekist á við Gróu á Leiti, afbrýðisemina og já, velgengnina?** Það hefur ekkert truflað mig eða haft áhrif á mig. Þetta er bara líf sem ég kaus mér og ég er von því. Ég er hamingjusöm með mitt hlutverk og er ekki von að vorkenna sjálfri mér út af einhverjum svona smámunum, það er svo margt miklu

betra sem ég fæ í staðinn. Líf mitt er alveg frábært, skemmtilegt frá a-ö. Ég er alveg ótrúlega heppin því ég tekst á við flestallt, bæði gott og vont með jákvæðni og það skiptir öllu. Neikvætt, síkvartandi fólk pirrar mig rosalega.

**Heldur þú að þú getir hleypt öðrum manni inn í líf þitt og orðið ástfangin á ný?** Já, já. Það eru svo margir ótrúlega góðir drengir í boði fyrir mig það er alveg það síðasta sem ég hef áhyggjur af. Ég var ekki lengi að átta mig á því. Nú vil ég bara vera ein í einhvern tíma, njóta lífsins og leika

mér en maður svo sem stjórnar því ekki þegar ástin ber að dyrum þó að það sé ekki á planinu hjá mér.

**Hvaða kosti þarf maðurinn sem fangar hjarta þitt að bera?** Ég bið ekki um mikið. Hann þarf að vera góður, myndarlegur, þokkafullur, klár, ævintýramaður sem elskar börn. Hann verður vissulega að hafa sterk bein til að standa við hlið mér og þarf auðvitað að elska að tríta mig eins og prinsessuna sína.

**Framtíðarplön þín. Ætlar þú**

**Framhald á síðu 8**

”

Við erum búin að vera allt of mikið í sundur og eignast okkar eigið líf hvort í sínu horninu. Okkur kom ekki saman um framtíðina. Hann vill eitt og ég annað þannig að þetta er bara best svona.

FATNAÐUR/JÚNIK MYND/ARNOLD BJÖRNSSON

og Birna konan hans búa á Egilsstöðum þar sem ég ólst upp að stóru leyti og mamma, Eygló, sem flestir þekkja, býr í 101 Reykjavík núna og við erum bestu vinkonur alltaf. Sambandið við þau bæði er gott. Pabbi er svona alvarlegri týpan og mamma er svoddan villingur þannig að ég hef fengið gott af hvoru tveggja.

**Hvernig upplifir þú tilveruna í kjölfar skilnaðarins við Garðar?** Tilveran er alltaf yndisleg, maður verður bara að taka því sem lífið gefur manni. Eins og vinir mínir segja þá gengur tígrisdýrið laust og það segir allt sem segja þarf.

**Hvernig hlúir þú að sjálfri þér?**



Heitu námskeiðin sem allir eru að tala um

## Hot fitness 35°C

### Fyrir lengra komna!

Hot fitness er alhliða og krefjandi æfingakerfi með áherslu á styrktarþjálfun, teygjuæfingar og slökun. Þátttakendur fá fræðslu, upplýsingar og aðstoð við að breyta yfir í hreinna og heilnæmara mataræði.



Lifandi markaður er samstarfsaðili Hreyfingar á þessu námskeiði og mun veita ítarlega fræðslu um fæðuþáttinn á námskeiðinu.

Æfingarnar fara fram í heitum sal og æft er með litla bolta sem virka eins og létt lóð. Ólíkt átaksnámskeiðunum er ekki áhersla á vigtun og mælingar heldur er lögð áhersla á vellíðunarþáttinn bæði hvað varðar æfingar og mataræði.

## HD fitness 32°C

Heitt djúpvöðva fitness er 6-vikna námskeið sem hefur slegið rækileg í gegn!

Æfingakerfið fer fram í heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd. Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla vöðva líkamans. Hitinn í salnum auðveldar að ná djúpum teygjum og líkaminn hitnar fljótt og vel.

Sjáðu umsagnir þátttakenda á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

Skráðu þig núna í vefverslun Hreyfingar eða í síma 414 4000

**HREYFING**  
HEILSULIND

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

Álfheimar 74  
414 4000  
[hreyfing@hreyfing.is](mailto:hreyfing@hreyfing.is)  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)



MYND/ARNOLD BJÖRNSSON

**að flytja aftur heim til Íslands eða vera lengur í Búlgaríu?** Ég ætla að vera í Búlgaríu eins og er í einhvern tíma en ég reikna með að flytja heim á einhverjum tímapunkti út af börnunum fyrst aðstæðurnar eru svona en annars hefði ég ekki verið á leiðinni heim á næstunni.

#### Ný undirfatalína væntanleg

**Icequeen-ævintýrið. Hverju hefur þú áorkað ef þú lítur til baka og hvert stefnir þú?** Ég hef áorkað svo mörgu á minni stuttu ævi sem ég bjóst aldrei við að geta og er bara sátt við minn feril hingað til. Draumurinn er náttúrulega að færa þetta Icequeen-konsept yfir á stærri markað og það er vonandi framtíðin en ég er alveg róleg yfir þessu og það er alltaf nóg af spennandi verkefnum sem poppa upp hjá mér mánaðarlega. Ég er að vinna núna að nýrri herra-undirfatalínu fyrir Austur-Evrópu með rúmenskri stjórn, DDy Nunes í Lucky Man Project. Það er spennandi verkefni en bara á byrjunarstigi eins og er. Næsta myndataka verður núna þegar ég kem heim til Sofíu aftur en þá fer ég í forsíðutöku fyrir eitt stærsta tímaritið þar og í byrjun maí verður mjög flott Icequeen publishing-partí á tímaritinu og það verður haldið í einum stærsta klúbbnum. Þá ætlar Stöð 2 að heimsækja mig út á næstu dögum. Það eru mörg skemmtileg verkefni sem biða mín á næstunni.

**Hefur þig einhvern tímangang að að mennta þig og starfa virka daga frá klukkan 9-17?** Nei, ekki svo mikið. Ég er með ágæta menntun að baki í viðskiptafræði en lang-

ar helst ekki að vinna frá níu til fimm. Ég er von að vinna fyrir sjálfa mig og stjórna mínum vinnutíma síðan ég var um tvítugt. En ég hef svona aðeins verið að íhuga störf sem bjóðast mér á Íslandi. Ég er alveg opin fyrir tilboðum og íhuga þau öll vel og vandlega. Ef það er eitthvert dundurstarf fyrir mig í boði þá er aldrei að vita nema maður snúi aftur og leggi ferilinn á hilluna.

**Hvað varstu gömul þegar þú ákvaðst að verða fyrirsæta?** Þetta gerðist smám saman frá unga aldri. Ég hef verið að vesenast í módelheiminum síðan ég var um fimmtán ára og ferillinn vaxið með hverju ári síðan og fer enn þá hratt vaxandi þrátt fyrir þrjú börn og ég komin yfir þrítugt. Ég var með keppni í denn sem hét Ísdrottningin og einhverra hluta vegna byrjuðu fjölmiðlar að kalla mig Ísdrottninguna eftir það og það festist við mig í framhaldi í gegnum erlenda miðla líka og ég kann bara ágætlega við þetta fina nafn.

**Viltu lýsa fyrir okkur degi hjá þér í Búlgaríu?** Dagarnir mínir eru sjaldan eins og alltaf eitthvað nýtt að gerast. Ég byrja yfirleitt á því að fá mér kaffi og byrja morguninn rólega og vinn í tölvunni. Fer með Victoríu á leikskólann og svo fer dagurinn bara eftir bókunum. Stundum er ég í viðtölum eða hinum og þessum upptökum eða myndatökum. Stór partur er að hanna, reka og eyða vinnu í markaðssetningu á búiðinni og Icequeen-merkinu. Ég æfi þrívör til fjórum sinnum í viku, almenn húsmóðurstörf taka líka sinn tíma daglega. Svo er mikið af alls konar event-um í Búlgaríu þar sem ég þarf

”

**Það getur líka verið þroskandi og gott að takast á við svona erfiðleika ein. Ég hugsa að það styrki mig bara og mér hefur tekist þetta ótrúlega vel.**

að vera viðstödd. Það er mikið og gott félagslíf mánaðarlega sem er voða skemmtilegt með.

**Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?** Ég get ekki svarað þessari spurningu. Ég er á einhverjum tímamarki í lífinu sem ég hef ekki hugmynd um hvað gerist næst og ætla ekki að vera að pæla í því svo mikið. Bara taka einn dag í einu, halda áfram að vera dugleg, njóta lífsins og leyfa framtíðinni að koma mér á óvart.

**Eitthvað að lokum?** „The greatest pleasure in life is doing what people say you cannot do.“

**MAXFACTOR**

THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

## SUMARKAUPAUKI



Glæsileg snyrtibudda fylgir í kaupbæti ef keyptar eru vörur frá **MAX FACTOR** eða **OLAY** fyrir 5.900 kr. Inniheldur þrjú Mini Nails naglalökk, svartan Masterpiece Max maskara, svartan Khol augnblýant, Colour Collection varalit nr: 510 og Olay Total Effects 7-in-1 dagkrem.

**Söluastaðir:** Hagkaup Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind. **Lyf og Heilsa:** Austurverji, Eiðistorgi, Hringbraut, Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaborg, Lyfjaver Suðurlandsbraut, Lyfjaval Bílaapótek, Ríma apótek, Snyrtivöruslunin Nana, Urðarapótek. **Landið:** Lyf og Heilsa Akureyri Glerártorgi og Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, KS Suðárkróki.

### LÍFSSTÍLLINN

#### Uppáhaldsveitingastaður?

Það eru svo margir rosalega góðir í Sofíu en Sasa heitir minn uppáhalds. Ég þekki ekki svo vel staðina á Íslandi en fór á Sushi Samba núna í vikunni og það var alveg frábært.

#### Uppáhaldsheimasíðan þín?

Facebook væntanlega.

#### Hvernig hugar þú að húð og hári?

Ég fer á hárgreiðslustofu 1-2 í viku, fæ næringu og fineri. Ég er með voða fina húð og engin leynitrix þar, fyrir utan almennan andlitspvott daglega, mild krem og Sifjar-dropa.

**Áhugamá!** Líkamsrækt, ferðalög, öll falleg hönnun og góður matur og vín.



MYND/ARNOLD BJÖRNSSON

## AUGLÝSING: I AM KYNNIR



„Í I AM er auðvelt að fá innblástur,“ segir Laufey Stefánsdóttir eigandi I AM í Kringlunni.

MYND/STEFAN

## VERSLUN FYRIR NÚTÍMAKONUR

I AM var opnuð í Kringlunni í gær en verslunin býður skartgrip og fylgihluti sem fullnægja öllum þörfum íslenskra kvenna.

„Þetta er fyrsta I AM verslunin á Íslandi en I AM starf-rækir 150 verslanir um allan heim,“ segir Laufey Stefánsdóttir, eigandi nýrrar og glæsilegrar verslunar sem opnuð var með pomp og prakt í Kringlunni gær. I AM býður skartgrip og fylgihluti sem Laufey segir hafa vantað inn í íslenska verslunarflóru.

„I AM er fremsta merkið á markaðnum í dag og full-nægir öllum þörfum í tískuskarti. Við erum með rétta liti á réttum tíma en hönnuðir I AM-keðjunnar fylgja nýjustu tískustraumum í öllu sem þeir gera og sækja tískuvikur um allan heim áður en þeir hanna sínar vörur. I AM er sérhönnuð verslun fyrir nútímakonur sem fylgjast vel með straumum og stefnum, elska að verla og vilja hafa heildarútlitið í lagi,“ segir Laufey.

Nýjar vörur berast vikulega í verslunina og nýtt þema aðra hverja viku. Viðskiptavinir geta því auðveldlega fundið það rétta fyrir ólíkustu tækifæri en auk skart-gripa I AM fæst úrval fylgihluta undir nafninu YSTRDY, svo sem tösukur, veski, hattar og klútar, sólgleraugu og

hárskraut. Þá koma árstíðabundnar vörur, bikini og sandalar á sumrin og húfur, hanskar og treflar á veturna.

„Í I AM er auðvelt að fá innblástur. Breytt vöruúrval og stöðugar nýjungar gera hverri konu auðvelt að endurnýja útlitið reglulega en við fáum vörur í hverri einustu viku, allt árið um kring. Ekki skemmir síðan fyrir að mjög takmarkað magn kemur af hverri hönnun og allt á mjög sanngjörnu verði. Við fáum alltaf rétta „trendið“ tímanlega enda finnast verslanir I AM í öllum helstu stórborgum heims eins og New York, Barcelona, Berlín og París, þar sem kröfur um hátísku eru miklar. Gæðakröfur I AM eru háar þó svo að verðið sé mjög sann-gjarnt. Til dæmis er allt silfur ósvikið og nikkel-fritt,“ útskýrir Laufey.

Verslunin er á fyrstu hæð Kringlunnar rétt hjá aðalinngangi.



Stráhattur  
2.595 krónur.



Sólgleraugu  
1.595 krónur.



Klútur  
1.995 krónur.



Taska  
2.995 krónur.

Armband  
1.795 krónur.

Eyralokkar  
1.195 krónur.

Hringur með  
steini 1.795  
krónur.

Veski  
2.995 krónur.



Klútur  
1.995 krónur.

I AM

Sjá nánar á [visir.is/lifid](http://visir.is/lifid)

**NIVEA KYNNIR:**

**NIVEA Q10 STYRKJANDI HÚÐOLÍA**

Nærir húð þína á hverjum degi. Húðolían skilur eftir sig silkimjúka áferð og gengur hratt inn í húðina. Stinnir húðina á 2 vikum, minnkar misfellur í húðinni og dregur úr áhrifum vegna þenslu.



**MATARDAGBÓKIN**



**Laufey Arna Johansen flugfreyja**

**07.45** Nýpressaður ávaxta-djúsi.

**10.30** Meiri nýpressaður safi og til dæmis hrökkkex eða ristað hollustubrauð, þá helst hvannabrauð úr Grímsbæ.

**12-13** Fiskisúpa eða kjúklinga-tortilla með grænmeti.

**15.00** Millimál – hrökkbrauð bara með smurosti og

kannski aðeins seinna hrá-fæðisköku ef sætuþörfin gerir vart við sig, sem er alltaf.

**19.00 Kvöldmat:** Lax einhvers konar eða salatblöð af kálhaus með kjúklingi, agúrkum og hnetusósu.

Ég drekk mest vatn. Fæ mér svo hreinan krækiberjasafa af og til. Hann er svo hollur og gefur mikla orku.




**Golden Globe - Besti dramapáttur ársins**

**HOMELAND**

**Sunnudaga á Stöð 2**



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS



FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFID SJÓNVARP

**FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI**



**vísir**  
- oft á dag



Ásdís Hjálmsdóttir afrekskona byrjaði í frjálsum fyrir algjöra tilviljun að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# UNDIRBÝR SIG FYRIR ÓLYMPÍULEIKANA

**NAFN?** Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari.  
**ALDUR?** 26 ára  
**HJÚSKAPARSTADA?** Einhleyp

Af hverju byrjaðir þú að stunda spjótkast? Það gerðist nú fyrir algjöra tilviljun en það kom fljótlega í ljós þegar ég byrjaði í frjálsum að kastgreinar voru mín sterkasta hlið. Svo leiddist ég bara smám saman yfir í spjótkestið.

Varstu gagnrýnd fyrir það, þar sem þetta er ekki mjög algengt kvennasport? Kannski ekki beint gagnrýnd en fólk hefur mikið spurt mig af hverju ég hafi valið það og það hefur verið ansi mikið skotið á mig í gegnum tíðina fyrir að vera í kraftaþrótt og sterklega byggð.

Nú varst þú á meðal 10 afreksmanna sem voru nefndir í valinu á íþróttamanni ársins, árið 2011. Hvernig tilfinning var það? Mér fannst það mjög mikill heiður sem ég er ákaflega þakklát fyrir.

Hvernig lítur venjulegur dagur út í þínu lífi í æfingum, mat og skipulagi? Ég fer alltaf í það að elda mér morgunmat um leið og ég opna augun enda mikil matmanneskja. Þá verður eggjakaka með grænmeti og jafnvel smá kjúklingabitar iðulega fyrir valinu. Um klukkutíma seinna fer ég á æfingu sem tekur yfirleitt svona um tvo til tvo og hálfan tíma og það er mjög misjafnt hvað er gert. Sem spjótkastari þarf ég að lyfta, hlaupa, hoppa, kasta og gera tækniæfingar og yfirleitt er tekin fyrir blanda af tveimur af þessum atriðum á hverri æfingu. Strax eftir æfinguna fæ ég mér svo prótínhristingum á meðan ég teyggi á. Þegar ég er búin að öllu



Bergur Ingi Pétursson og Ásdís Hjálmsdóttir ólympíufarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



einn til tvo ávexti eða smá hnetur svona klukkutíma áður. Seinni æfingin er svo aðrir tveir tímar og eftir hana fæ ég mér kvöldmat sem aftur samanstendur af kjöti eða fiski og nógu af grænmeti. Kvöldin nýti ég svo með vinum mínum eða fjölskyldu eins og ég mögulega get.

Hvað gerir þú fyrir utan að stunda íþróttina að krafti? Ég var að klára meistaranám í lyfjafræði og er að taka vaktir af og til í Lyfju. En fyrst og fremst er ég að einbeita mér að því að undirbúa mig fyrir Ólympíuleikana í sumar.

Hverjar eru þínar fyrirmyndir? Mínar helstu fyrirmyndir myndi ég segja að séu pabbi minn og Ólafur Stefánsson.

Hvar sérðu þig eftir fimm ár? Eftir fimm ár verð ég á toppnum á ferlinum, að kasta spjóti í toppþáttunni á stórmótum og njóta þess sem aldrei fyrr.

fer ég og fæ mér góða máltíð sem samanstendur af kjöti eða fiski og nógu af grænmeti. Þarna kemur Saffran mjög sterkur inn. Yfirleitt er ég svo að stússast eitthvað seinni partinn eða taka því rólega heima og hvíla mig með góða bók þangað til það kemur að því að fara aftur á æfingu. Þá fæ ég mér létt snarl,

**YESMINE BÆTIR VIÐ ÞEKKINGUNA**

Yesmine Olsson, matreiðslukona með meiru og heilsufrömuður, dvelur nú í stórborginni New York þar sem hún leggur stund á indverska matargerð í indverskum matreiðsluskóla í tíu daga. Það verður gaman að sjá hvaða strauma og stefnur Yesmine tekur með sér til landsins að því loknu.






# Rúbín kaffi

*Rauður og svartur Rúbín  
er fyrir þá sem einfaldlega  
elska gott kaffi!*

*Rúbín kaffi inniheldur ljúffenga blöndu kaffibauna  
frá Kólumbíu og Kenýa bragðbætt með baunum  
frá Brasílu og Kosta Ríka.*

*Frábær blanda kaffibauna í hesta gæðaflokki,  
brenndar og malaðar af íslensku fagfólki.*




## Vilko

*Nýbakaðar þönnu-  
kökur og vöflur frá  
Vilko eru ómissandi  
með góðum kaffibolla.*

-einfaldara getur það ekki verið!

# Lífið

## HELGARMATURINN



### Logi Geirsson

„Uppáhaldið mitt er þessi uppskrift sem ég og konan eldum saman um helgar,“ segir Logi Geirsson sem sér um helgarmat Lífsins þessa vikuna. Logi leggur stund á viðskiptafræði í Háskólanum á Bifröst, þjálfar í gegnum heimasíðuna sína [www.logigeirsson.is](http://www.logigeirsson.is), ásamt því að halda fyrirlestra vítt og breitt um landið.

### Kjúklingur með sætum

4 kjúklingabringur  
1 poki spínat 300-400 grömm  
1-2 sætar kartöflur (fer eftir stærð)  
5-6 hvítlauksrif (stór)  
um 5 cm engiferrót  
fetaostur í kryddlegi  
ferskt kóríander

Sneiðið niður sætar kartöflur og þekið botn á eldföstu móti.

Engiferrótin og hvítlaukurinn maukuð í matvinnsluvél og síðan dreift yfir kartöflurnar.

Allt spínatið sett yfir (þótt það virðist mikið þá hverfur það í ofninum) svo er slatta af fetastí og olíu hellt yfir það (1/3 af krukku).

Þetta er sett inn í ofn í um 20 mínútur við 180-200°C.

Kjúklingabringurnar kryddaðar (með t.d. Best á kjúllann) forsteiktar í grilli eða á pönnu um 85% af eldunartíma (kjöthitamælir sýnir um 72°C).

Bringurnar svo settar ofan á spínatið og haft inni í um 10 mínútur í viðbót eða þar til bringurnar eru full eldaðar. og kjöthitamælir sýnir 83°C. Takið fatið úr ofninum og stráðið ferskum kóríander yfir.


Borið fram með fersku salati og kaldri hvítlaukssósu.

Gerist varla betra!



## FYRIRLESTUR UM HOLLARA MATARÆÐI

Sólveig Eiríksdóttir er besti hráfæðis kokkur í heimi. Hún er í framkvæmdanefnd Samtaka lífrænna neytenda og fékk danskan frumkvöðul, Trínu Krebs, til að vera gestafyrirlesari á aðalfundi Samtaka lífrænna neytenda, sem verður haldinn á morgun, laugardag, kl. 14.00-17.00 í Reykjavíkurakademíunni,



Hringbraut 121 (JL húsinu). „Samtökin fengu Trínu til Íslands bara til að halda þennan fyrirlestur – hún er ástríðufull og elskar allt lífrænt og er sérfræðingur í að hjálpa fólki við að finna betri og hollari kosti í sambandi við mataræðið,“ segir Solla og bætir við: „Það er frítt inn á fyrirlesturinn og allir velkomnir.“



GÓÍ &  
BAUNA  
GRASIÐ



Fréttatíminn



Morgunblaðið

## Góí og Baunagrasið

Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

Sun 15/4 kl. 13:00 **UPPSELT**

Sun 15/4 kl. 14:30 Örfá sæti

Sun 22/4 kl. 13:00 Örfá sæti

Lau 28/4 kl. 13:00 Örfá sæti

BAUNA GRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



Borgarleikhúsið





**SPORT**  
besto sætið

# UNDANÚRSLITIN Í ENSKA BIKARNUM

## Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT UM HELGINA

**LAUGARDAG**  
**11:20 Liverpool - Everton**

**SUNNUDAG**  
**16:50 Chelsea - Tottenham**

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Fundir / Mannfagnaður

## Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121, 4. hæð og hefst fundurinn kl. 20.00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf. Sjá www.natturuvernd.is

## HAMPIÐJAN

# Aðalfundur HAMPIÐJUNNAR

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 27. apríl 2012 og hefst kl. 16:00.

**Á dagskrá fundarins verða:**

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
- Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

## HAMPIÐJAN

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **viðisir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAIGNIR.IS

## VEISTU HVER ÉG VAR?

SIGGI HLÖ Á LAUGARDÖGUM KL. 16

**BYLGJAN**  
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Tilkynningar

## Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði, Ísafjarðarbæ

### Mat á umhverfisáhrifum Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar geti orðið talsverð neikvæð, áhrif á gróður nokkuð neikvæð, aukið vatnsmagn kunni að verða í rásum sem flytja eiga yfirborðsvatn til sjávar og búast megi við ónæði vegna hávaða og umferðar á framkvæmdatíma.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að fyrirhuguð gerð ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla muni ekki valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

Skipulagsstofnun

### MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM Í LJÓSI REYNSLUNNAR

Málþing Skipulagsstofnunar  
24. apríl 2012. Kl. 9 – 15.30  
Icelandair Hótel Reykjavík Natura

<b>SETNING MÁLPINGS.</b>	Stefán Thors, forstjóri Skipulagsstofnunar
<b>HLUTVERK ALMENNINGS.</b>	Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar.
<b>TILGANGUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM.</b>	Árni Jón Eliásson, sérfræðingur, Landsnet.
<b>GAGNANOTKUN OG AÐFERÐIR.</b>	Ólafur Arnason, sviðsstjóri, Efla Verkfræðistofa.
<b>FRAMSETNING OG FORM.</b>	Auður Andrésdóttir, sviðsstjóri, Mannvit.
<b>ÓVISSA Í MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM JARÐVARMVIRKJANA.</b>	Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri, Orkuveita Reykjavíkur.
<b>SÝN OG REYNSLA UMHVERFISSTOFNUNAR.</b>	Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, deildarstjóri, Umhverfisstofnun.
<b>UMRÆÐUR</b>	
<b>SANNPRÓFUN UMHVERFISÁHRIFA OG EFNDA VIÐ SULTARTANGALÍNU.</b>	Guðmundur Ingi Guðbrands-son. Umhverfisfræðingur.
<b>GJÁBAKKAVERGUR, EFTIRFYLGNI OG AÐLÖGUN .</b>	Björn H. Barkarson. Sérfræðingur, VSÓ Ráðgjöf.
<b>UMRÆÐUR</b>	
<b>SAMANTEKT OG MÁLPINGI SLITIÐ</b>	
NÁNARI DAGSKRÁ OG SKRÁNING ER Á HEIMASÍÐU SKIPULAGSSTOFNUNAR. WWW.SKIPULAGSSTOFNUN.IS	
ÞÁTTTÖKUGJALD ER 3.000 KR	
SKRÁ ÞARF ÞÁTTÖKU Í SÍÐASTA LAGI <b>16. APRÍL</b> N.K.	

## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. innsigli, 6. tveir eins, 8. púka, 9. heyskaparamboð, 11. bófi, 12. myndarskapur, 14. trappa, 16. vörumerki, 17. goð, 18. hald, 20. í röð, 21. truflun.

## LÓÐRÉTT

1. skref, 3. í röð, 4. umhverfis, 5. óvild, 7. fjölmiðlar, 10. húðsepi milli taa, 13. arr, 15. dugnaður, 16. hlóðir, 19. bókstafur.

## LAUSN

LÁRÉTT: 1. spori, 3. að, 4. kringum, 5. kal, 7. pressan, 10. fit, 13. sig, 15. gni, 18. tak, 20. mn, 21. óháð.  
LÓÐRÉTT: 2. lakk, 6. pp, 8. ára, 9. ort, 11. il, 12. reisin, 14. stígl, 16. ss, 17. gn, 18. tak, 20. mn, 21. óháð.

# Helgarblað

alla laugardaga



## Ísland er draumur sem rættist

Bandaríkjamaðurinn John Grant, sem gaf út eina bestu plötu ársins 2010, býr nú á Laufásveginum, vinnur að nýrri plötu og nemur íslenska málfræði.

### Meðal annars efnis:

#### Heimur á huldu

Púkalegar pöddur og sjálflysandi regnbogafiskar eru á meðal fjölda nýrra tegunda sem skutu upp kollinum víðs vegar um heim í fyrra.



#### Á leið til Brussel

Skúli Steinar Pétursson kynnir þættina Með okkar augum sem hann tók þátt í að gera, ásamt fleiri einstaklingum með þroskahömlun.



Allt sem þú þarft

# Forsetaframboð. Börn. Ólétt.

## BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur

Ég stóð í anddyri kvikmyndahúss og bænum, Hungurleikana, þegar ég heyrði á tal tveggja kvenna. „Hvernig ætlar hún að fara að þessu með tvö börn og annað á leiðinni?“ Það þurfti ekki að spyrja að því um hvern var rætt.

**PAR SEM** ég sat í myrkum salnum og fylgdist með unglingsstúlku vega mann og annan á tjaldinu dáðist ég að dugnaði Þóru Arnórsdóttur. En skyndilega svelgdist mér á poppinu. Hvaðan kom þessi fornfálegi molbúahugsunarháttur? Létum við ekki fyrir löngu af hugmyndum um að það væri sjálfkrafa hlutverk kvenna að ala upp börn og reka heimili? Samkvæmt því ætti forsetaframboð ungrar konu ekki að vera markvert í eðli sínu. Svavar Halldórsson gæti vel passað börnin. Jafnvel tekið til.

**ÞEGAR** nafn Þóru Arnórsdóttur er slegið inn í Google sýnir leitarvél þrjú leitarorð sem gestir síðunnar hafa hvað oftast slegið inn með nafni hennar. Þau eru: Forsetaframboð. Börn. Ólétt. Svo virðist sem mun fleiri fýsi að kynna sér afrek Þóru á sviði mannfjölgunar en starfsreynslu hennar, menntun eða tungumálakunnáttu. Áhugi á barnmergð Þóru gæti stafað af ótta kjósenda við að kúka bleia komist í snertingu við gólfteppið á Bessastöðum eða að útstæð óléttubumba hendi um koll

vasa sem var gjöf frá erlendum þjóðhöfðingja. Líklegra verður þó að teljast að undirrot Google-leitarinnar séu lífseigar staðal-hugmyndir um hlutverk kynjanna. Hvort sem við dáumst að Þóru Arnórsdóttur fyrir dugnað eða finnum henni barnalánið til foráttu eins og sumir virðast gera þegar kemur að framboði hennar er eitt ljóst: Hugmyndin um konur í ábyrgðarstöðum er ekki jafnvilðtekin og við viljum vera láta. Hún er enn á jaðrinum, undirorpin vangaveltum um fyrstu skyldu konunnar – heimilið.

**BLENDNAR** tilfinningar um ímynd kvenna bærðust með mér er ég gekk út af Hungurleikunum. Annars vegar skammaðist ég mín fyrir að addáun mín á dugnaði Þóru Arnórsdóttur skyldi hafa byggst á adagömlum hugmyndum um að yrði hún forseti legðist sú vinna ofan á meðfætt húsmóðurhlutverk. Hins vegar var ég full eldmóðs. Aðalhetja einnar vinsælustu kvikmyndar í heiminum í dag er unglingsstúlka sem er hörkutól. Hún er hvorki fórnarlamb né kyntákn. Hún er þvert á móti leiðtogi sem gengur alfarið gegn þeim staðalímyndum sem Hollywood dregur venjulega upp af konum. Rannsóknir sýna að sterkar kvenfyrirmyndir eru öðrum konum innblástur. Kröftug kona sem nýtur velgengi leiðir af sér fleiri konur sem þora. Þóra Arnórsdóttir er ferðugur forsetaframboðandi – óháð kyni. Konur er hún þó jafnframt ómetanleg áminning þess að hlekkir staðalímynda er hægt að brjóta.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## KRISTÓFER

Kristófer er þriðja bókin í bókaflokknum um krakkana í Rökkurhæðum, sjálfstætt framhald bókana Rústirnar og Óttulundur.

Í könnunarleiðangri um Rústirnar finnur Kristófer pottþétta afmælisgjöf handa litlu systur, gjöf sem hann er viss um að muni velja mikla lukku. Það sem hann órar hins vegar ekki fyrir er hversu mikil áhrif gjöfin á eftir að hafa á hans eigið líf.



**B**  
TAKTU ÞÁTT  
Í LEIKNUM Á  
[FACEBOOK.COM/  
ROKKURHAEDIR](https://www.facebook.com/ROKKURHAEDIR)

Haltu þér fast!

# Hann er Komin

Þriðja bókin í bókaflokknum um krakkana

í Rökkurhæðum er komin í búðir.

Aft. ekki fyrir  
myrkfelna!

**Rizzo**  
Pizza

Kristófer  
Rökkurhæðir 3  
+ Stór Pizza  
kr. 3.599

„KÓSY“ HELGI MEÐ KRISTÓFER!

Þeir sem kaupa nýju Rökkurhæðabókina í  
verslunum Eymundsson um helgina  
fá ávísun á stóra pizzu frá **Rizzo Pizzeria**  
með í kaupbæti\*. Góða lestrarhelgi!

\*Ávísunin gildir fyrir pizzu með þremur áleggsgöndum og er að andvirði 2000 kr. Tilboðið gildir til og með 13.-16. apríl 2012.

**Eymundsson**  
Bókabíó 1872

**B**

BÓKABEITAN

[WWW.BOKABEITAN.IS](http://WWW.BOKABEITAN.IS)

**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**



**KJÚKLINGALÆRI**



**KJÚKLINGALEGGIR**



**BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR**



**KJÚKLINGAVÆNGIR**



**KJÚKLINGABRINGUR**



**KJÚKLINGALUNDIR**



**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

**729**  
KR. KG



**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

**729**  
KR. KG

1989 23 ÁRA 2012  
**AFMÆLISTILBOÐ**  
**BÓNUS**  
TUTTUGU TONN Í BOÐI



**ÍSLANDSFUGL HEILL FROSINN KJÚKLINGUR**

**BÓNUS FULLELDAÐUR BUFFALO KJÚKLINGUR**



**398**  
KR. BOXIÐ



**598**  
KR. BOXIÐ



**998**  
KR. 1 KG

**BÓNUS 1 KG. KJÚKLÍNGAMOLAR FULLELDAÐIR - BARA AÐ HITA**



**659 KR.KG**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur

**OPNUM KLUKKAN 10**





**20% MEIRA MAGN**

**459**  
KR. 90 ML.

**498**  
KR. 90 ML.

**SENSODYNE TANKREM**



**FYRIR GÓÐA  
TANNHEILSU**



**698**  
KR. 500 ML.

**LISTERINE MUNNSKOL  
ALLAR TEGUNDIR 500 ML.**



**498**  
KR. 5 LTR.

**RÚÐUVÖKVI 5 LTR.**



**698**  
KR. 2 LTR.

**BÍLASÁPA**



**698**  
KR. 250 ML.

**BÍLABÓN**



**298**  
KR. STK.

**STÓRIR  
MICROFIBER KLÚTAR**



**298**  
KR. 50 STK.

**RYKMOPPUR 50 STK.**



**1695**  
KR. KG

**FERSKT NAUTASNITSEL**



**3598**  
KR. KG

**FROSID  
KS LAMBAFILLET**



**1998**  
KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**



**1798**  
KR. KG

**LAMBALÆRISNEIDAR  
VILLIJURTA-KRYDDAÐAR**



**1695**  
KR. KG

**FERSKT NAUTAGÚLLAS**

**EIN VINSÆLASTA  
SUNNUDAGSSTEIKIN Á  
ÍSLANDI ER LAMBALÆRI**



**1359**  
KR. KG

**KS FROSID  
LAMBALÆRI**



**1395**  
KR. KG


**KJARNAFÆÐI  
HEIDALAMB  
VILLIJURTA-KRYDDAÐ**



**SKÁLDIN** Sigurður A. Magnússon og Elísabet Jökulsdóttir leiða saman hesta sína á veitingahúsinu Kryddlegnum hjörtum, Skúlagötu 17, í kvöld. Ætla þau að veita ljóðaunnendum lystauka í formi ljóða sinna. Dagskráin hefst klukkan 19.30.

## Arnaldur endurútfinn

Einvígið, 15. skáldsaga Arnaldar Indriðasonar sem kom út fyrir jól, er komin út í kilju. Einnig hafa þrjár eldri bækur hans, sem hafa verið ófánlegar um skeið verið endurprentaðar í sama útliti: Synir duftsins, fyrsta bók Arnaldar sem kynnir til sögu lögreglu-manninn Erlend Sveinsson. Bókin kom fyrst út árið 1997; Dauðarósir, önnur bókin í röðinni um Erlend og félagar kom fyrst út árið 1998; og Röðdin sem var sjötta bók Arnaldar og kom út árið 2002.



ORGEL FYRIR ALLA


MYNDIR Á SÝNINGU EFTIR  
MODEST MUSSORGSKY

HALLGRÍMSKIRKJU  
LAUGARDAGINN 14. APRÍL KL. 14



ORGELUMSKRIFT EFTIR KEITH JOHN, ÞAR SEM  
KLAIS-ORGELIÐ HLJÓMAR Í MIKILLI LITADÝRÐ  
EINS OG HEIL SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT!

ORGANISTI: GUÐNÝ EINARSDÓTTIR,  
FELLA- OG HÓLAKIRKJU  
SÖGUMAÐUR: VALUR FREYR EINARSSON LEIKARI



AÐGANGSEYRIR:

1.500 KR. / LISTVINIR 1.000 KR.

ÓKEYPIS FYRIR BÖRN OG UNGLINGA.

MIDASALA VIÐ INNGANGINN S. 510 1000 - LISTVINAFELAG.IS

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 30. STARFSÁR



**HREFNA HARALDSDÓTTIR** Stjórnandi Listahátíðar Reykjavíkur, þar sem hundruð listamanna og á fimmta tug viðburða verða í boði.  
MYND/STEINUNN ÞÓRHALLSDÓTTIR

## LISTAHÁTÍÐ AFHJÚPUÐ

**Listahátíð í Reykjavík leggur undir sig borgina frá 18. maí til 3. júní. Dagskrá hátíðarinnar var kynnt í gær.**

Hrefna Haraldsdóttir, stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, fór yfir dagskrána á blaðamannafundi í gær. Á fimmta tug viðburða og hundruð listamanna víðs vegar að úr heiminum taka þátt í Listahátíð í Reykjavík í ár. Dagskráin er fjölbreytt og ætti að höfða til áhugamanna um popp, klassík og heimstónlist. Bæta þurfti við aukatónleikum fyrir breska tónlistarmanninn Brian Ferry en Frakkinn Yann Tiersen er ekki síður hvalreki fyrir tónlistarunnendur. Tiersen vakti heimsathygli fyrir tónlistina í kvikmyndinni Amelie um árið en hann heldur órafmagnaða tónleika í Norður-ljósum. Rússneski píanóleikarinn Arcadi Volodos heldur tónleika í Eldborg en honum hefur verið hampað fyrir framúrskarandi túlkun og tækni. Þá stígur spænsk-afríska söngkonan Buika á svið í Eldborg á loka-degi Listahátíðar en tónlist hennar hefur meðal annars hljómað í verkum leikstjórans Pedros Almodóvar.

Íslenskir tónlistarmenn láta sitt ekki fyrir liggja. Sinfóníu-hljómsveit Íslands flytur sinfóníuna Rómeó og Júlíu eftir Berlioz í fyrsta sinn á Íslandi ásamt ein-söngvurum og þremur kórnum. Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir flytja verk

Messiaen, Visions de l'Amen fyrir tvo flygla í fyrsta sinn á Íslandi á hádegistónleikum en ný og fram-sækin tónskáld verða í öndvegi í tónleikabrennunni Flakk í Kaldalóni í Hörpu.

### Dans og sviðslist

Listahátíð í Reykjavík er ekki bara fyrir eyru. Íslenski dans-flokkurinn og GusGus leiða saman hesta sína í óhefðbundnu verki, þar sem dans, ný tón-list frá GusGus og frumsýningar stuttmynda Reynis Lyngdal og Katrínar Hall leiða gesti inn í veröld iðandi af lífi og óvænt-um uppakomum. Verkið Glymskrattinn eftir dansarana og danshöfundana Melkoru Sigríði Magnúsdóttur og Sigríði Soffíu Nielsdóttur og tónlistarmanninn Valdimar Jóhannsson verður frumsýnt í Þjóðleikhúskjallaranum. Þá verða flutt fjögur ný leik-verk eftir Hrafnhildi Hagalín, Jón Atla Jónasson, Sigtrygg Magnason og Kviss Búmm Bang, sem sýnd verða á óvenjulegum stöð-um víða um borgina: í fornbóka-verslun, kampavínsklúbbi, heima-húsi og heilsulind. Bræður nefnist nýtt verk úr smíðju Vesturports í samvinnu við fjögur norræn leik-skáld og Pétur Gautur, verðlauna-sýning Þorleifs Arnar Arnarssonar frá Luzern-leikhúsinu í Sviss, verður sýnd einu sinni á stóra sviði Þjóðleikhússins. Þar verður einnig sýnt myndbandsverk Ragnars Kjartanssonar, Bliss, sem er upptaka á samnefndum gjörningi sem hann og stór hópur tónlistar-fólks flutti á Performa-hátíðinni í New York í nóvember.

### Myndlist og bókmenntir

Yfir eitt hundruð listamenn frá Íslandi, Norðurlöndunum, Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og víðar taka þátt í (Independent People eða „Sjálfstæðu fólki“, umfangsmiklu myndlistarverkefni í samstarfi Listahátíðar, Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Nýlistasafnsins, Norræna hússins, Kling og Bang og Kynningar-miðstöðvar íslenskrar myndlistar. Sænski sýningarstjórninn Jonatan Habib Engqvist stýrir verkefinu. Sýningararnar hefjast allar laugar-daginn 19. maí og fjöldi viðburða verður á dagskrá frá morgni til kvölds á sýningarstöðunum. Nánari upplýsingar má finna á independentpeople.is en þar munu þátt-takendur verkefnisins setja inn textafærslur, ljósmyndir og fleira eftir því sem verkefninu vindur fram.

Upplestrar í heimahúsum rit-höfunda eru orðnir fastur liður á Listahátíð og mælast jafnan vel fyrir. Höfundarnir sem bjóða heim í ár eru Anton Helgi Jónsson, Guðmundur Andri Thorsson, Hallgrímur Helgason, Margrét Örnólfsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Steinunn Sigurðardóttir og Þórarinn Leifsson. Þá verða þrjú hús-lestrar á þýsku, sem eru nýmæli, í heimboði Einars Kárasonar, Yrsu Sigurðardóttur og Kristínar Mörju Baldursdóttur.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í dagskrá Listahátíðar. Nánari upplýsingar um dagskrá og miðaverð má finna á heimasíðu Listahátíðar, listahatid.is. Ítarlegri umfjöllun verður um staka viðburði þegar nær dregur.

## Jón Kalman tilnefndur á Ítalíu

Himnaríki og helvíti, skáldsaga Jóns Kalmans Stefánssonar, hefur verið tilnefnd til ítalskra bókmenntaverðlauna, Premi Bottari Lattes Grinzane. Bókin kom út í ítalskri þýðingu í fyrra undir heitinu Paradiso e Inferno.

Ítölsku skáldkonurnar Laura Pariani og Romana Petri eru einnig tilnefndar til Grinzane-verðlaunanna, sem eru með þeim stærri á Ítalíu að sögn Guðrúnar Vilmundardóttur hjá Bjarti. Til þeirra var stofnað til að auka lestraráhuga ungs fólks en lesendur á aldrinum

fjórtán til níttján ára greiða atkvæði og ráða úrslitum um hver hlýtur aðalverðlaunin. Höfundarnir þrír fá allir 2.500 evrur, jafnvirði rúmlega 400 þúsund króna, en í aðalverðlaun eru tíu þúsund evrur, um 1,7 milljónir króna. Úrslit verða kunngjörð í október.

Harmur englanna, önnur bók Jóns Kalmans í þrileiknum um þorpið fyrir vestan, kemur út á Ítalíu í haust og mun Jón Kalman halda til Ítalíu og fylgja útgáfunni úr hlaði með upplestrum og uppakomum.



JÓN KALMAN STEFÁNSSON

# VORTILBOÐ

25-50%  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

12 mánaða vaxtalaus  
VISA / EURO greiðsludreifing  
– Eingungis greiðist lántökugjald

Smíðum raf-  
magnsrúm í öllum  
stærðum!



RAFMAGNAÐIR DAGAR  
25% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM RAFSTILLANLEGUM RÚMUM

FRÍ  
HEIMSENDING  
EÐA  
GAMLA RÚMIÐ  
UPP Í!\*

\*Tilboðið gildir eingöngu  
um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu  
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með  
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðum?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðum?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
  - hryggskekkju
  - brjósklos
  - samföllnum hryggjaliðum
  - spengdum hryggjaliðum
  - gigt, til dæmis:
  - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur  
Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM  
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)

VERSLUNIN  
Rúm  
Gott  
ÍSLENSK HEILSURÚM

# Heldur íslenska menningarhátíð í Frakklandi

„Markmiðið er að fólk komi á hátíðina, uppgötvi eitthvað nýtt og kynnist íslenskri menningu og íslenskri list betur,“ segir Ari Allansson sem stendur fyrir íslensku menningarhátíðinni Air d'Islande í Frakklandi.

Ari hefur verið búsettur í Frakklandi frá árinu 2005 og er giftur franskri konu. Hann fékk hugmyndina árið 2007, fékk þá nokkra Frakka í lið með sér og hélt fyrstu hátíðina í desember 2008. Hátíðin hefur gengið undir nafninu Air d'Islande, sem á íslensku þýðir eitthvað sem kemur frá Íslandi. „Þetta tengist ekkert Ícelandair eins og margir kunna að halda,“ segir Ari og hlær.

Hátíðin hefur breyst og stækkað mikið

frá því að hún var fyrst haldin. „Á fyrstu hátíðinni sýndum við fjórtán íslenskar kvikmyndir og héldum eina tónleika. Núna er tónlistin farin að hafa meira vægi og við erum búin að bæta samtímalist inn í dagskrána,“ segir Ari. Nú í ár er hátíðin í fyrsta skipti haldin á tveimur stöðum, í París og smábænum Chessy sem er um 50 kílómetra fyrir utan París. Hún er haldin í samstarfi við nokkra aðila. „Við erum þrjú sem berum hitann og þungann af verkefninu: ég, Cedric Delannoy og Charlotte Dronier sem bæði eru frönsk. Íslenska sendiráðið í París hefur svo staðið dyggilega við bakið á okkur,“ segir Ari, en Iceland Airwaves, Kimi Records og Promote Iceland koma einnig að hátíðinni. „Með

þessari hátíð gefst okkur til dæmis færi á að kynna Iceland Airwaves-hátíðina, en við höldum eina tónleika undir hennar formerkjum og aðra undir formerkjum Kimi Records. Svo erum við líka í samstarfi við Inspired by Iceland-átakið,“ bætir hann við.

Það er ekki mikill gróði sem kemur af hátíðinni og að sögn Ara snýst hún meira um hugsjón. „Við náum að halda hátíðina og gera það vel. Við borgum tónlistarfólkinu sem kemur, borgum flug út og höldum því uppi meðan það er hér, svo við erum mjög ánægð með það,“ segir hann.

Hátíðin hófst í Chessy 2. apríl síðastliðinn og stendur til 15. en í París hófst hún 11. apríl og stendur í tíu daga.

- trs



**MEDAL LISTAMANNA** Hljómsveitin For a Minor Reflection kemur fram á tvennum tónleikum hátíðarinnar. Auk þeirra koma fram Hljómsveitirnar Kimono, Lazyblood, Reykjavík!, Kríá Brekkan og Snorri Helgason.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 13. apríl 2012

### → Upplstur

**19.30** Skáldin **Sigurður A. Magnússon** og **Elisabet Kristín Jökulsdóttir** koma fram á ljóðadagskránni Kryddlegin skáld á Kryddlegnum hjörtum, Skúlagötu 17. Aðgangur ókeypis.

### → Tónlist

**12.15** **Trío Reykjavíkur** beinir sjónum sínum að Antonio Vivaldí og Beethoven á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum. Aðgangur er ókeypis.

**16.30** **Kór menntaskólans í Mountain View í Kaliforníu** heldur tónleika í Háteigskirkju. Á efnisskránni eru lög úr ýmsum áttum og á ýmsum tungumálum, m.a. á íslensku. Sérstakur gestur verður **Kór Kvinnaskólans í Reykjavík**. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**21.00** **Lára Rúnars** og **Myrra Rós** halda tónleika í Rauða húsinu á Eyra- bakka. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** **Singapore Sling** spilar í tónleikakjallara Bars 11. Þeim til halds og trausts verður Hljómsveitin **Sparkle Poison**. Aðgangur er ókeypis.



**21.30** **Skuggamyndir frá Býsans** leika Balkantónlist af alunnri snilld á **Café Haítí**. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin **Lame Dudes** spilar gamalt og nýtt efni í bland á **Danska barnum**. Aðgangur er ókeypis, en tekið verður við frjálsum framlögum.

**22.00** **Lúftgítarkeppni Beck's** verður haldin á **Gamla gauknum**, Tryggvagötu 22. Vegleg verðlaun í boði. 20 ára aldurstakmark og frítt inn í boði Beck's.

**23.00** **Magnús Einarsson** og **Tómas Tómasson** halda tónleika á Ob-La-Dí Ob-La-Da Frakkastíg 8, ásamt góðum gestum. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**23.00** **AK-Extreme** snjóþretta og tónlistarhátíð verður haldin á **Græna hattinum**, Akureyri. Fram koma Oculus, Gísli Pálmi, **EmmSjé Gauti**, Konni Conga og ThizOne. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.59** Hljómsveitin **Goðsögn** spilar á skemmtistaðnum **SPOT**, Kópavogi.

### → Leiðsögn

**16.00** **Tinna Gunnarsdóttir** vöruhönnuður mun fjalla um verk sín, Ból, Kar og Hulið hjarta á samnefndri sýningu í Listasafni Íslands. Sýningunni lýkur sunnudaginn 15.apríl.

### → Fyrirlestrar

**12.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir fyrirlestur **Steinunnar Sigurðardóttur** um **Kasmírheim Ningxia** í stofu 103 í Lögbergi. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**12.00** **Trine Flockhart**, fræðimaður við Alþjóðamálastofnun Danmerkur, heldur erindi um nýtt hlutverk **NATO** í alþjóðasamfélaginu. Fyrirlesturinn er hluti af fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í stofu 101 í Lögbergi. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) og einnig er hægt að skrá þá inni á [visir.is](http://visir.is).

## ISIO 4

### með D-vítamíni

### góð fyrir æðakerfið

ISIO4 er heilsusamleg blanda af olíum – auðug af náttúrulegu E-vítamíni og viðbættu D-vítamíni.

Olíurnar fjórar sem sameinast í ISIO4, repju-, oléisol-, sólblóma- og vínberjaolía, eru ríkar af E-vítamíni, andoxunarefni sem verndar frumur líkamans. Auk þess inniheldur ISIO4 núna meira af D-vítamíni sem hjálpar þér að styrkja ónæmiskerfið.

Hugsaðu um heilsuna og veldu ISIO4 með lífsnauðsynlegum Omega-3 fyrir hjarta og æðakerfi og Omega-6 til að halda kólesteróli í skefjum.

**Olian er bragðgóð og hentar vel í alla matargerð, heita rétti sem kalda.**



Deloitte

HINN EINI SANNI

# RISA

## SKÓMARKAÐUR

Opið alla helgina  
milli kl. 12:00 og 18:00



### NÚ Á SMÁRATORGI, KÓPAVOGI

á milli The Pier og Toys'R'us

Opið alla daga  
frá 12:00 til 18:00

Troðfullur markaður af öllum vinsælustu merkjunum

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is

Duffy

tamaris

SIXMIX

VAGABOND

| ECCO

BULLBOXER

NIKE

adidas

PUMA

hummel

SPOT ON

Gabor

Reebok

SKECHERS

STUDENT SIX

MARTA



**VARA VIÐ PILLUM** Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum ætla að bæta við aðvörum um umbúðir getnaðarvarnapillanna Yasmin og YAZ. Pillurnar, sem eru vinsælar á Íslandi, innihalda drospirenone, tilbúið hormón, sem talið er að ýti undir blóðtappamyndun.



**BÆTIR ANDLEGA HEILSU** Nemendur sem stunda jógaæfingar eiga síður á hættu að finna til kvíða en þeir sem ekki gera það. NORDICPHOTOS/GETTY

# LÍNA INNBLÁSIN AF SPÍRITISMA

Sævar Markús Óskarsson frumsýndi fyrir stuttu brot úr fyrstu fatalínu sinni. Línan er bæði ætluð konum og körlum og inniheldur kjóla, jakka og buxur svo fátt eitt sé nefnt og er meðal annars innblásin af spíritisma og tékkneskum kvikmyndum frá sjöunda áratugnum.

**TÍSKA** Sævar Markús Óskarsson sendir frá sér sína fyrstu fatalínu í haust. Hann stundaði nám í myndlist og listasögu áður en hann sneri sér óvænt að fatakönnun.

„Mig langaði að sérhæfa mig í fræðigreinum sem tengjast sögu og fornmunum en flutti til Parísar og fékk verkefni við búningagerð fyrir sýningu í galleríi í eigu hönnuðarins Agnès B. Það gekk mjög vel og í kjölfarið kviknaði áhugi minn á fatakönnun,“ útskýrir hann.

Sævar Markús hefur varið miklum tíma í hönnun fatalínunnar og segist hafa sótt innblástur til margra ólíkra þátta. „Innblásturinn kemur víða en helst frá málverkum frá lok 19. aldar sem eru kennd við Art Brut-hreyfinguna. Verkin eru unnin út frá spíritisma og þaðan koma til dæmis munstrin sem ég nota í kjólana. Sniðin eru svo mikið til unnin út frá tísku sjöunda áratugarins, sem ég hef mikið dálæti á, og tékkneskum kvikmyndum.“

Kvenlínan inniheldur meðal annars kjóla og skyrtur og herralínan, sem enn er í framleiðslu, mun innihalda jakka, buxur og skyrtur. Sævar Markús kveðst spennur fyrir því að fá báðar línurnar fullkláraðar til sölu í versluninni Kiosk en situr þó ekki auðum höndum þangað til. „Ég er líka að vinna verkefni í samstarfi við útlenda vini mína og farinn að leggja drög að næstu línu.“ - sm



SENDIR FRÁ SÉR LÍNU Sævar Markús Óskarsson sendir frá sér fatalínu sem innblásin er af spíritisma og kvikmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/



## Jóga linar skólakvíða

**HEILSA** Regluleg jógaíðkun bætir andlega heilsu ungmenna, þetta leiddi ný rannsókn á vegum Harvard Medical School í ljós.

Um fimmtíu menntaskólanagermar tóku þátt í rannsókninni og iðkaði helmingur þeirra jóga í stað þess að taka þátt í venjulegum skólaíþróttum. Rannsóknin sýndi fram á að hópurinn sem stundaði jóga reglulega átti síður á hættu að finna fyrir streitu og kvíða heldur en þeir sem tóku aðeins þátt í venjulegum íþróttatíma á vegum skólans.

Nemendurnir stunduðu blöndu af kripalu-jóga, hugleiðslu og öndunaræfingum.

**krakkasíðan**  
krakkar@frettabladid.is

**Franzína mús úr Stundinni okkar er flutt til Afríku þar sem hún hjálpar frænda sínum.**

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



ENGAR NEKTARSENUR Í ÞRÍVÍDD Kínverska kvikmyndaefirlititíð ákváð að klippa út allar nektarsenur í Titanic í þrívídd til að koma í veg fyrir káf í bíósalnum.



SNYRTILEGIR MENN Karlmenn vilja í auknum mæli láta fjarlægja hárin af kynfærum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kínverjar ritskoða Titanic í þrívídd

**BÍÓ** Kvikmyndin Titanic hefur vakið mikla lukku meðal aðdáenda út um allan heim eftir að hún var nýverið frumsýnd í þrívídd. Kínverjar fá hins vegar ekki að sjá alla myndina í þrívídd. Kínverska kvikmyndaefirlititíð hefur ritskoðað myndina og til dæmis klippt út atriði þar sem Kate Winslet situr fyrir berbrjósta. Ástæðuna segja þeir vera til að koma í veg fyrir káf í bíósalnum.

„Við höfum áhyggjur af því að áhorfendur rugli þrívíddar-

tækninni saman við veruleikann og reyni að káfa út í loftið í bíósalnum. Þetta getur skapað pirring milli bíógesta og ákváðum við þess vegna að klippa út allar nektarsenurnar,“ segir í yfirlýsingu frá kínverska kvikmyndaefirlitinu en brjóstin á Kate Winslet þóttu ekki vandamál þegar myndin var frumsýnd árið 1997.

Kínverskir Titanic-aðdáendur hafa lýst yfir reiði sinni á ýmsum samskiptavefjum en þrátt fyrir það hefur myndin verið vel sótt í Kína.

## Karlar vilja bikinívax

**TÍSKA** Sífelld fleiri karlmenn láta fjarlægja kynfærahár sín reglulega samkvæmt New York Times. Meðferðin hefur verið nefnd „bro-zillian“ og „mankini“ á ensku og er þar vísað í ensku heitin „brazilian“ og „bikini“. Munurinn á þessu tvennu er sá að í hinu fyrrnefnda eru öll kynfærahár fjarlægð.

New York Times segir frá því að karlmenn hafi pantað slíkar meðferðir í miklum mæli og bjóða sumar snyrtistofur meira að segja upp á „pejazzling“, en þá er svæðið í kringum kynfærin skreytt með litlum demöntum.


**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
BÖRN EIGA RÉTT Á  
VERND GEGN OFBELDÍ?


# GÓLFEFNAÚRVAL

Veldu úr yfir 130 tegundum flísa á lager

**MÚRBÚÐARVERÐ**



Lon-River 60x60 cm **2.990 pr.m<sup>2</sup>**



Lon-Italia grágræn 60x60 cm **3.490 pr.m<sup>2</sup>**



Martinelli hvíttuð 3 stafa eik, olíuborin **3.590 pr.m<sup>2</sup>**



Ant-sand 30x60 cm **3.690 pr.m<sup>2</sup>**




Yek-Venice 45x45 cm **2.390 pr.m<sup>2</sup>**



Parkman Planka/Plastparket eik 1215x166x8mm


**1.890 kr. m<sup>2</sup>**

**LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM**



Comfort line plastparket, eik 1215x194x8,3 mm

**1.575 kr. m<sup>2</sup>**




Comfort line plastparket, dökk eik 1215x194x8,3 mm

**1.575 kr. m<sup>2</sup>**



Parkman plastparket # 9607  
8mm planki eik

**1.890 kr.m<sup>2</sup>**



Parkman plastparket # 9603  
8mm planki dökk eik

**1.890 kr.m<sup>2</sup>**



Parkman plastparket # 9606  
8mm planki hvíttuð eik

**1.890 kr.m<sup>2</sup>**



**MÚRBÚÐIN**

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík	Garðarsbraut 50.	Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

12 **TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!**

**POWERSÝNING KL. 10**

**BATTLESHIP** **AMERICAN PIE: REUNION** **HUNGER GAMES**

**LORAX** **ÍSLENSKT TAL**

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

<b>LAUGARÁSBÍÓ</b>	Sýningartímar
BATTLESHIP	4, 7, 10 (POWER)
AMERICAN PIE: REUNION	5, 45, 8, 10, 20
LORAX 2D ISL TAL	4
LORAX 3D ISL TAL	4
HUNGER GAMES	7, 10

**SAMBÍÓINN** **SAMBIO.IS**

HENRY CAVILL - BRUCE WILLIS - SIGOURNEY WEAVER

**BATTLESHIP** **THE COLD LIGHT OF DAY**

Hörku Spennutryllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".

**AMERICAN PIE: REUNION** **TITANIC** **WRAATH OF THE TITANS**

**MÖGNUD SPENNUMYND**

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
BATTLESHIP	KL 3 - 5:20 - 8 - 10:40 2D	BATTLESHIP KL 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 2D
BATTLESHIP VIP	KL 3 - 5:20 - 8 - 10:40 2D	THE COLD LIGHT OF DAY KL 5:50 - 8 - 10:20 2D
COLD LIGHT OF DAY	KL 5:50 - 8 - 10:40 2D	WRATH OF THE TITANS KL 5:40 - 8 3D
AMERICAN PIE	KL 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 2D	PROJECT X KL 5:50 2D
WRATH OF THE TITANS	KL 5:50 - 8 - 10:10 3D	TITANIC KL 8 3D
FRIENDS WITH KIDS	KL 5:50 2D	<b>KRINGLUNNI</b>
GONE	KL 8 2D	COLD LIGHT OF DAY KL 5:50 - 8 - 10:10 2D
JOHN CARTER	KL 10:40 2D	WRATH OF THE TITANS KL 5:50 - 8 - 10:10 3D
FJÓRFISKARNIR ISL.TAL	KL 3:40 2D	GONE KL 5:50 - 8 - 10:10 2D
JOURNEY 2	KL 3:40 2D	<b>KEFLAVÍK</b>
DÝRA FJÓR 3D ISL.TAL	KL 3:40 3D	BATTLESHIP KL 8 2D
<b>SELFLOSS</b>		COLD LIGHT OF DAY KL 10:40 2D
GONE	KL 8 - 10:10 2D	GONE KL 8 2D
SVARTUR Á LEIK	KL 8 - 10:10 16	SVARTUR Á LEIK KL 10 2D
<b>AKUREYRI</b>		LORAX ISL.TAL KL 6 3D
TITANIC 3D	KL 4:40 3D	FRIENDS WITH KIDS KL 5:50 2D
THE COLD LIGHT OF DAY	KL 8 - 10:10 2D	<b>TRYGGÐU PÉR MIÐA Á</b>
JOHN CARTER	KL 17:40 2D	<b>SAMBIO.IS</b>
GONE	KL 8 2D	
WRATH OF THE TITANS	KL 10:10 2D	

**SMÁRABÍÓ** **HÁSKÓLABÍÓ**

**midí.is**

**BATTLESHIP** **IRON SKY**

**TITANIC** **AMERICAN PIE: REUNION** **HUNGER GAMES**

**SMÁRABÍÓ** **GLEBAUGI SELD SÉR** **5%**

BATTLESHIP	KL 5.15 - 8 - 10.45	12
BATTLESHIP LÚXUS	KL 8 - 10.45	12
AMERICAN PIE: REUNION	KL 5.30 - 8 - 10.30	12
LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D	KL 3.30	L
LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D	KL 3.30 - 6	L
HUNGER GAMES	KL 5 - 8 - 11	12
SVARTUR Á LEIK	KL 8	16

**HÁSKÓLABÍÓ** **NÁNAR Á MIÐJIS** **5%**

IRON SKY	KL 5.45 - 8 - 10.15	12
BATTLESHIP	KL 6 - 9	12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL 5.15	10
HUNGER GAMES	KL 9	12
SVARTUR Á LEIK	KL 5.30 - 8 - 10.30	16

**BORGARBÍÓ** **NÁNAR Á MIÐJIS**

BATTLESHIP	KL 8 - 10.20	12
AMERICAN PIE: REUNION	KL 8 - 10.10	12
HUNGER GAMES	KL 5.30	12
SVARTUR Á LEIK	KL 5.50	16

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

# Vessa- og vandræðahúmor

Bíó ★★★★★

## American Reunion

Leikstjór: Jon Hurwitz, Hayden Schlossberg

**Leikarar:** Jason Biggs, Alyson Hannigan, Thomas Ian Nicholas, Chris Klein, Seann William Scott, Eddie Kaye Thomas, Tara Reid, Mena Suvari, Eugene Levy

Líkt og alheimurinn sjálfur stækkar American Pie-bálkurinn í sífellu. American Reunion er áttunda myndin í seríunni, en sú fyrsta sem kemur í kvikmyndahús síðan þriðja myndin, American Wedding (þetta hljómar ef til vill flóknara en það er) var sýnd. Myndin er því markaðssett sem eins konar endurkoma.

Aðalpersónur gömlu myndanna eru nú á fertugsaldri og ráðsettar eftir því, en þegar hópurinn hittist að nýju í tilefni 13 ára útskriftarafmælis (sem verður að teljast óvenjulegt) er stutt í gömlu asnastrikin, og vessa- og vandræðahúmorinn fær að flæða sem aldrei fyrr.

Nokkur atriði kitla hláturtaugarnar en önnur eru fyrrisjálæg og þreyandi. „Hey elskan, farðu úr fötunum og klæddu þig í BDSM-gallann í þessu ólæsta herbergi í húsi fullu af fólki. Ég kem eftir smástund.“ Rétt upp hönd sem veit hvað gerist næst.

Það eru ógeðfellt uppátæki Stiflers sem bjarga því sem



HORFTIL BAKA Stifler bjargar því sem bjargað verður í American Reunion.

bjargað verður, og þessi subbulgei karakter er nú orðinn sá sem áhorfandinn heldur með, enda hinir flestir orðnir hundleiðingir og miðaldra fyrir tímann.

Fortíðardatriðið er töluvert og aðdáendur myndanna geta eflaust skemmt sér sæmilega yfir American Reunion, en upplifunin á meira skylt við nost-

algíuna sem fylgir því að lesa gamla dagbók sem fannst uppi á háalofti en að horfa á góða gamanmynd.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Andrúmsloftið er til staðar en grínið þarf að vera meira og betra.

# Kominn með þvottabretti

Stjórnumbloggarinn Perez Hilton, ritstjóri bloggsíðunnar Perezhilton.com, hefur misst 36 kíló síðan hann tók upp heilbrigðari lífsstíl árið 2008.

Á dögnum mætti Hilton skælbrosandi og ber að ofan á rauða dreglinn á verðlaunahátíðinni NewNowNext sem haldin var í Hollywood. Hilton ákvað að skilja bolinn eftir heima til að sýna afrakstur líkamsræktar og strangs mataræðis en bloggjarinn þvertækur fyrir að hafa lagst undir hnifinn.

„Ég ákvað að gera þetta hægt og rólega og ég hef ekki farið í neinar aðgerðir. Ég fór bara í mjög leiðinlegt prógramm sem samanstendur af mikilli líkamsrækt og hollum mat. Mjög einfalt,“ segir Hilton í spjallþættinum The Talk en þegar hann var sem þungstur árið 2008 vó bloggjarinn 113 kíló.

Nú æfir Hilton sjö sinnum í viku og passar sig að drekka ekki of mikið áfengi.

**SIJALFSÖRUGGUR** Perez Hilton var skælbrosandi og ber að ofan á rauða dreglinum á dögnum. Hann er óhræddur við að sýna afrakstur líkamsræktarátaks síðustu ára. NORDICPHOTOS/GETTY



**HAMINGJUSÖM** Kate Bosworth er hamingjusöm með leikstjóranum Michael Polish. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ánægð í sambúð

Leikkonan Kate Bosworth segist hafa fundið þann eina rétta í leikstjóranum Michael Polish. Párið kynntist við gerð kvikmyndarinnar Big Sur sem Polish leikstýrði.

„Ég hef verið á föstu og á lausu en er loks búin að festa ráð mitt og er hamingjusöm,“ sagði leikkonan í viðtali við sjónvarpsstöðina E!

Bosworth var lengi með Orlando Bloom og sænska leikaranum Alexander Skarsgård.

Leikkonan lauk nýverið við að leika í gamanmyndinni Life Happens sem segir frá framkomu sem verður óvænt ástfangin.

Sími: 553 2075 **LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

**TILBOÐ KL. 4**

**BATTLESHIP** **LORAX**

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

# BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVIKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midí.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FÖSTUDAGUR:** IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ INDLAND: **DHOOM** 22:00 ■ CARNAGE 18:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ AMMA LO-FI 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 22:10 (ISL. TEXTI) ENG. SUBS

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.

**IRON SKY** græna ljósið

**INDVERSK KVIKMYNDAHÁTIÐ**

11.-20. APRIL



# ***Europris***

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

## **Europris Hafnarfirði**

**Verzlunin að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði, lokar**

# **30-70%**

**afsláttur á öllum vörum á meðan birgðir endast**

**Dæmi um afslætti:**

**70%**

**afsláttur á öllum  
kertum og servíettum**

**60%**

**afsláttur á öllum  
fatnaði**

**50%**

**afsláttur á öllum  
verkfærum**

**50%**

**afsláttur á öllum  
búsáhöldum**

ATH! Tilboðin gilda eingöngu í verslun Europris að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði

[www.euopris.is](http://www.euopris.is)



**RÚNAR KÁRASÓN** er búinn að skrifa undir nýjan tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Bergischer. Hann er sagður hafa hafnað tilboðum frá mörgum öðrum félögum. Rúnar er 24 ára gömul örvhent skytta sem hóf atvinnumannsferilinn hjá Fuchse Berlin. Hann fór til Bergischer í september árið 2010.



**ÁSMUNDUR ARNARSSON** Ánægður með nýja liðsstyrkinn.

Fylkir semur við Íra:

## Sterkur og mikl ið leiðtogaefni

**FÓTBOLTI** Írski varnarmaðurinn David Elebert gekk í gær til liðs við Fylki eftir að hafa staðist læknisskoðun. Hann er 26 ára varnarmaður sem býr yfir talsverðri reynslu úr skosku úrvalsdeildinni.

„Þetta er öflugur varnarmaður sem okkur veitir ekki af þar sem það eru talsverð meiðsla í okkar herbúðum,“ sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fylkis.

„Hann kemur líka með mikla reynslu inn í liðið. Þessi strákur var í öllum yngri landsliðum Írlands og stundum fyrirliði. Þetta er því mikið leiðtogaefni.“

Þórir Hannesson er nú frá vegna meiðsla og verður því Elebert ætlað að fylla í hans skarð í vörn Fylkis.

Elebert var á mála hjá enska liðinu Preston North End sem unglíngur en gekk í raðir Hamilton í Skotlandi árið 2006, þá 20 ára gamall. Hann á samtals að baki 135 leiki með liðinu.

# Allt annað að spila verkjalaus

Kolbeinn Sigbórsson er kominn til baka eftir sex mánaða fjarveru vegna meiðsla. Hann er laus við alla verki í fyrsta sinn í langan tíma og spilar væntanlega fyrstu landsleikina undir stjórn Lars Lagerbäck í maí.

**FÓTBOLTI** Það er létt yfir Kolbeini Sigbórssyni þessa dagana. Hann hefur sigrast á erfiðum ökkla-meiddslum og allt gengur eins og í sögu hjá honum og félögum hans í Ajax Amsterdam. Kolbeinn hefur komið inn á sem varamaður í síðustu tveimur leikjum Ajax, en liðið vann þá með markatölunni 11-0. Það tók Kolbein aðeins tíu mínútur að skora fyrsta markið en íslenski landsliðsframherjinn ætlar að flýta sér hægt og horfir aðallega til næsta tímabils.

„Það er frábær tilfinning að vera kominn aftur til baka. Ég vissi að ég væri orðinn klár en þurfti að bíða í nokkrar vikur. Það var erfiðasti tíminn en annars var ég mjög þolinmóður,“ segir Kolbeinn sem er verkjalaus.

„Mér finnst ég vera ferskari en oft áður. Ég var búinn að vera með verki og hafði spilað þannig í ár. Nú finn ég ekkert til og það er allt önnur tilfinning að spila fótbolta þannig,“ segir Kolbeinn og það gengur vel hjá Ajax sem er með þriggja stiga forskot á toppnum.

„Þetta lítur hrikalega vel út. Við erum búnir að vinna nú leiki í röð og virðumst vera óstöðvandi eins og er. Við skorum mörg mörk og erum komnir til baka með alla leikmenn úr meiðslum.



**HRESS OG KÁTUR** Kolbeinn Sigbórsson sést hér með liðsfélaga sínum, Siem de Jong, í leik á móti Heerenveen á dögnum.

Ég horfi meira til næsta tímabils en annars er gott að fá að vera með í þessu og jafnvel ná að setja einhver mörk inn í lokin á tímabilinu.“

Það gæti verið erfitt fyrir Kolbein að vinna sér sæti í byrjunarliðinu en hann hefur ekki stórar áhyggjur af því. „Ég er með mjög góðan grunn og allt það en ef maður ætlar að komast í toppform þá þarf maður að spila

nokkra leiki. Ég verð að horfa til næsta tímabils til að byggja upp alvöru form,“ segir Kolbeinn en Frank de Boer ætlar að nota hann á lokaspertinum. Kolbeinn hefur slæma reynslu af því að koma of hratt til baka.

„Ég ætla að fara hægar inn í þetta og ég er reynslunni ríkari. Ég sé að það þarf ekki alltaf að flýta sér. Ég hef reynsluna af því að koma of snemma inn,“

segir Kolbeinn. Ajax-liðið spilar frábæran fótbolta og það leynir sér ekki að Kolbeinn getur varla beðið eftir því að fá að spila.

„Það er gaman að vera í svona liði sem byggist bara upp á fótbolta. Við reynum alltaf að spila okkur í gegnum andstæðinginn og höldum boltanum mestan part leiksins. Það er mjög þægilegt að vera í svona liði, það er nóg af fyringjöfum og nóg af boltum til að móða úr. Það er lúxus að spila í slíku liði,“ segir Kolbeinn.

Endurkoma Kolbeins eru líka góðar fréttir fyrir landsliðið og hann er bjartsýnn á að verða með á móti Svíum og Frökkum í maí. Það yrðu þá fyrstu landsleikir hans undir stjórn Lars Lagerbäck.

„Ég hef heyrt í Lars og það verða leikir í maí. Ég býst við að verða með í þeim og hann talaði um það. Ég hef ekki hitt hann persónulega og það verður fínt að sjá hver plönin hans verða. Við þurfum að fara að rífa okkur upp heimlistann. Ég ætti að vera kominn í eitthvert spilaform þegar þessir leikir verða í sumar,“ segir Kolbeinn. Þangað til ætlar hann að gera sitt í að gera Ajax að meisturum þar sem hann mun keppa við landa sinn, Jóhann Berg Guðmundsson hjá AZ Alkmaar.

ooj@frettabladid.is

Syndsamlega  
góð!

Í 10–11 finnurðu frábært vöruúrval. Þú færð kökumixið fyrir ljúffengu djöflatertuna frá Betty Crocker í næstu 10–11 verslun.



1011

...alltaf opið!



**GLEDI** Þórsarar fengu frábæran stuðning frá Græna drekanum og þökkuðu fyrir sig eftir leikinn. Sigur hjá Þór innan sem utan vallar. MYND/JÓN BJÖRN

Þór frá Þorlákshöfn jafnaði metin í undanúrslitaeinvíginu gegn KR í gær:

# Meistararnir teknir í kennslustund

**KÖRFUBOLTI** Þórsarar fóru á kostum í Icelandic Glacial höllinni í gærkvöldi í vörn sem sókn, unnu 18 stiga sigur á Íslandsmeisturum KR, 94-76, og jöfnuðu undanúrslitaeinvígi liðanna í 1-1. Þórsarar spiluðu frábæra vörn frá byrjun leiks og KR-ingar voru í tónum vandræðum í sóknarleiknum allan tímann.

„Ég er ósáttur með okkur því ég verð að taka mig inn í heildina í þessu. Við erum á hælunum og leitum til einhverra annarra eftir hjálp. Það er ekki það sem þetta snýst um. Það var samt ekkert

svo mikill munur á þessum leik og fyrsta leiknum. Við erum að gera nákvæmlega sömu mistökin þegar við vorum að spila heima síðast en sluppum þá bara með skrekkinn,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR.

Skyttur Þórslíðsins, Darrin Govens (30 stig) og Guðmundur Jónsson (17 stig), röðuðu niður þristum og nýttu saman 11 af 17 þriggja stiga skotum sínum sem vó þungt en það var Darri Hilmars-son fór fyrir sínum mönnum í vörn sem sókn

„Þetta var flottur leikur hjá

okkur og ég var sérstaklega sáttur með vörnina því hún er okkar aðalsmerki,“ sagði Darri. Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs, var líka kátur.

„Við áttum þennan leik, leiddum allan fyrri háflekinn og vorum ekkert að hleypa þeim inn í þetta í seinni. Við spiluðum sterka vörn og það er okkar leikur. Það voru líka allir góðir í sókninni og þetta er einn besti sóknarleikur liðsins í vetur. Þetta var að dreifast vel fyrir utan Darren sem átti líklega einn sinn besta leik í vetur,“ sagði Benedikt. - 66j

## ÚRSLIT

### IE-deild karla:

**Þór Þorlákshöfn-KR 94-76**

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 30/5 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir, Guðmundur Jónsson 17, Blagoj Janev 14/7 fráköst, Darri Hilmars-son 14, Joseph Henley 13/6 fráköst, Grétar Ingi Erlendsson 4/9 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 2/7 stoðsendingar.

KR: Joshua Brown 19, Robert Lavon Ferguson 15/13 fráköst/5 stoðsendingar, Hreggviður Magnússon 8, Dejan Sencanski 8/6 fráköst, Martin Hermannsson 7, Jón Orri Kristjánsson 6, Finnur Atli Magnússon 6/7 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 3, Kristófer Acox 2, Ágúst Angantýsson 2.

### N1-deild kvenna:

**ÍBV-Gróttu 26-19**

Mörk ÍBV: Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 7, Ivana Mladenovic 7, Grigore Ggorgata 4, Drífa Þorvaldsdóttir 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 2, Aníta Elíasdóttir 1, Krístrún Hlynsdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1, Mariana Trebojovic 1.

Mörk Gróttu: Sunna María Einarisdóttir 8, Tínni Laxdal 5, Sigrún Birna Arnarsdóttir 2, Unnur Ómarsdóttir 2, Elín Helga Jónsdóttir 1.

**Stjarnan-HK 32-29**

Mörk Stjörnunnar: Hanna Guðrún Stefánsdóttir 9, Sólveig Lára Kjærnested 7, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6, Hildur Harðardóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 4, Rut Steinsen 1, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1.

Mörk HK: Elin Anna Baldursdóttir 11, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 7, Valgerður Ýr Þórsteinsdóttir 4, Elva Björg Arnardóttir 3, Harpa Baldursdóttir 2, Heiðrún Björk Helgadóttir 2.

Þórir Hergeirsson:

## Þjálfar Noreg til ársins 2016

**HANDBOLTI** Þórir Hergeirsson, þjálfari heims- og Evrópumeistara Noregs, hefur framlengt samning sinn við norska handboltasambandið og mun stýra norska kvennalandsliðið fram yfir Ólympíuleikana í Ríó 2016.

Þórir tók við norska liðinu af Marit Breivik árið 2009 og hefur síðan unnið verðlaun á þremur stórmótum í röð – brons á HM 2009, gull á EM 2010 og gull á HM 2011. Mía Hermansson Högdahl verður áfram aðstoðarþjálfari Þóris en hún hefur unnið með honum í mörg ár.

- 66j



**“HALTU EINBEITINGUNNI”**

JENSON BUTTON. FORMULA 1™ ÖKUMAÐUR

**BOSS BOTTLED. SPORT.**  
NÝR ILMUR FYRIR HERRA

**Nýr ilmur frá Boss**  
**20% kynningarafsláttur**

í Lyfjum & heilsu Kringlunni  
frá 13.-16. apríl.



Gjöf fylgir ef þú kaupir Boss Bottled Sport ilminn ásamt annari vöru úr línunni.

**BOSS**  
HUGO BOSS



**BURSTAR** í vél-sópa á lager

- flestar stærðir



**AFLVÉLAR**  
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.  
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!





# lækkar verð

**16" pizza**  
m/3 áleggjum  
og ostastangir

Aðeins kr.

**1990**

SÓTT



ATH: Opið til kl. 01.00  
um helgar í Gnoðarvogi

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

3 staðir 1 símanúmer

**581 15 15**



„Ætli það sé ekki bara O Sole Mio, það er dásamlegt lag sem kemur mér alltaf í girinn.“

Geir Ólafsson stórsöngvari.

## Sólveig skrifar skvísubók fyrir fullorðna

„Þegar ég fékk bókina í hendurnar vorum við að grínast með það að núna væri ég búin að upplifa eitt prósent af þeirri tilfinningu sem maður fær þegar maður eignast barn,“ segir blaðamaðurinn Sólveig Jónsdóttir sem gefur út sína fyrstu skáldsögu í næstu viku.

Skáldsagan nefnist Korter og fjallar um fjórar stúlkur á þrítugsaldri og ævintýri þeirra í 101 Reykjavík. Sólveig segist flokka bókina að einhverju leyti í hóp skvísubókmennta. „Vinur minn spurði um daginn hvort þetta væri ekki svona skvísubók fyrir fullorðna og ég held að ég sé sammála því. Þetta er ekki gelgjubók heldur bók um sjálfstæðar konur sem eru að fóta sig í lífinu,“ segir Sólveig sem starfar sem blaðamaður á Nýju lífi.

Bókin hefur verið í bígerð með köflum síð-

ustu þrjú árin. „Þetta er búið að blunda í mér lengi og ég hef alltaf haft gaman af því að skrifa. Það má segja að ég hafi byrjað að skrifa bókina þegar ég fékk heimþrá er ég var við nám í Edinborg. Fór að hugsa heim og ákvað að skrifa um eitthvað sem ég þekkti vel.“

Bókin fjallar um þær Míu, Silju, Karen og Hervöru en er í raun fjórar sjálfstæðar sögur sem tengjast þó í lokin. Sólveig segir söguþráðinn skáldaðan en þó með ákveðnar tilvitnanir í raunveruleikann. Sólveig er ófeimin að viðurkenna að hún er stressuð yfir viðtökunum. „Ég er stressuð en líka spennt. Ef einhverjir geta skemmt sér yfir lestrinum verð ég sátt,“ segir Sólveig sem nú þegar er hálfnuð með bók númer tvö. Korter verður komin í hillur verslana eftir helgi.

- áþ



SKVÍSUBÓK FYRIR FULLORÐNA Sólveig Jónsdóttir er höfundur bókarinnar Korter en það er hennar fyrsta bók.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhrifarík og grípaandi!

NÝ KILJA

Fleiri góðar eftir  
DOROTHY KOOMSON:



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



SPENNT Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir er nýja Lottópulan og verður því fastur gestur á skjáum landsmanna frá og með næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SIGRÍÐUR HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR: SPENNT FYRIR LOTTÓSTARFINU

## Væri hrikalegt að segja vitlausa lottótölu í beinni

„Það má segja að mig dreymi martraðir um Lottó á nóttunni og ég viðurkenni að ég er smá stressuð fyrir þessu nýja hlutverki,“ segir Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir sem hefur verið ráðin í starf lottópulu.

Sigríður Hrönn er ferðamálafræðingur að mennt og í fullri vinnu sem annar eigandi Minicards á Íslandi. Hún hefur starfað sem fyrirsæta í hjáverkum í mörg ár, meðal annars á Indlandi og Spáni. Þegar hún var kölluð í þrúfur fyrir nokkrum vikum var hún fyrst efins enda hafði hún aldrei spáð neitt sérstaklega í starfi á borð við þetta. „Það var samt aðallega vegna þess að ég var stress-

“Ég er von að fá að taka minn tíma fyrir framan myndavélina og að ekki sé talið niður í beina útsendingu.

uð, fir að vera í beinni útsendingu fyrir framan alla Íslendinga. Ég er von að fá að taka minn tíma fyrir framan myndavélina og að ekki sé talið niður í beina útsendingu,“ segir Sigríður sem er þó spennt fyrir nýja starfinu.

Sigríður tekur við af Elvu Dögg Melsted sem hætti í Lottó um áramótin en ráðningarfærið fyrir nýja Lottó stúlku hefur staðið í

talsverðan tíma. „Þeir voru búnir að prófa margar stelpur en sáu mig í sjónvarpsauglýsingu og höfðu samband,“ segir Sigríður sem fer í læri í næstu viku hjá Katrínu Brynju Hermannsdóttur sem hefur verið lottópula í nokkur ár.

Sigríður gerir sér grein fyrir því að Lottó er fastur liður í lífi marga Íslendinga og því ákveðin pressa á henni að standa sig vel. „Ég ætla að gera mitt besta og reyna að klúðra ekki neinu. Það væri hrikalegt að segja til dæmis vitlausa tölu í beinni útsendingu,“ segir Sigríður hlæjandi sem þreytir frumraun sína í beinni útsendingu í Lottó-drættinum laugardaginn 21. apríl.

alfrun@frettabladid.is

## Greta og Jónsi fara vel af stað

Opinberir aðdáendaklúbbar Eurovision-söngvakeppinnar um allan heim eru þessa dagana í óða önn að skila móðurfélaginu OGAE niðurstöðum úr atkvæðagreiðslu meðlima sinna í kosningunni um besta lag keppinnar í ár.

Alþjóðlegu samtökin OGAE (Organisation Générale des Amateurs de l'Eurovision) eru stærstu aðdáendasamtök Eurovision í heiminum og flest þátttökulönd keppinnar hafa stofnað sinn eigin aðdáendaklúbb í gegnum þau, þar á meðal Ísland. Starfræktir eru 39 klúbbar undir formerkjum OGAE, en þar á meðal er OGAE Rest of the World-klúbburinn sem sameinar aðdáendur



12 STIG Íslenska framlagið hlaut 12 stig í atkvæðagreiðslu alþjóðlega aðdáendaklúbbsins OGAE: Rest of the World.

alls staðar að úr heiminum, frá þeim löndum sem eiga ekki sinn eigin aðdáendaklúbb.

Rest of The World-klúbbur-

inn skilaði inn niðurstöðum úr atkvæðagreiðslu sinni á dögnum og var Ísland þar í efsta sæti, með 12 stig. Frændur okkar Svíar fylgdu okkur þar næst á eftir með 10 stig og Spánn með 8 stig. Nú hafa þrjú aðdáendaklúbbar skilað inn niðurstöðum sínum og sem stendur er íslenska framlagið í 2. sæti með 22 stig á eftir Svíum sem hafa fengið 29 stig.

Búlgarski klúbburinn sniðgekk okkur Íslendinga algjörlega og gaf okkur engin stig eftir kosninguna þar í landi. Slóvenar hafa þó meira dálæti á laginu okkar, Never Forget, því þeir gáfu okkur næsthæstu einkunn, eða 10 stig. Enn eiga 36 klúbbar eftir að skila sínum niðurstöðum.

- trs

STEAMPUNK ✕

RJ

ROMAIN JEROME

DNA OF FAMOUS LEGENDS

M

MICHELSÉN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909


Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - [www.sviss.is](http://www.sviss.is)

\*MADE WITH PARTS OF TITANIC [www.romainjerome.ch](http://www.romainjerome.ch)

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Koma fram hjá Fallon

Velgengni **Nönnu Bryndísar** og félaga í Of Monsters and Men í Bandaríkjunum er á allra vörum. Plata hljómsveitarinnar, My Head Is an Animal situr í sjötta sæti bandaríska Billboard-listans og seldist í 55 þúsund eintökum vestanhafs í síðustu viku. Nú á að hamra járníð á meðan það er heitt, en Of Monsters and Men kemur fram í spjallþætti Jimmy Fallon í maí. Verður það í fyrsta skipti sem hljómsveitin kemur fram í þætti á einni af stóru sjónvarpsstöðvunum í Bandaríkjunum, en þátturinn er sýndur á NBC.



#### Fríðrik Dór og Páll Óskar syngja saman dúett

Söngvarinn og hjartaknúsarinn **Fríðrik Dór** vinnur nú að annarri sólóplötu sinni sem ráðgert er að komi út í sumar. Hann hefur fengið **Pál Óskar Hjalmtýsson** til liðs við sig og munu þeir syngja dúett saman á plötunni. Upptökuteymið StopWaitGo kemur að gerð lagsins og útsetur það eins og því einu er lagið. StopWaitGo kom einnig að fyrstu plötu Fríðriks Dórs, sem fékk nafnið Allt sem þú átt, eins og Redd Lights. Sú plata var gríðarlega vinsæl þegar hún kom út árið 2010 og sat lengi vel ofarlega á vinsældalistum.

- afb, bph



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Gagnrýni vegna unglegra fyrirsæta
- 2 Akureyrarlögreglan ræður ekki við álagið
- 3 Köfunarslys í Silfru
- 4 Zimmerman ákærður fyrir morð
- 5 Adele er ríkasti ungi tónlistarmaður Bretlands



Vissir þú að...  
börn EIGA  
rétt á  
gegnum vernd  
OFBÆLDI?

# FIMM ÁRA AFMÆLI! FIMMFALDIR N1 PUNKTAR!



N1 er fimm ára í dag og í tilefni dagsins bjóðum við N1 korthöfum fimmfalda N1 punkta af öllum viðskiptum um allt land í dag.\*  
**Nýttu tækifærið! Fylltu á tankinn, fáðu þér bita og fimmfaldaðu punktastöfnunina!**

Mundu að einn N1 punktur jafngildir einni krónu í öllum viðskiptum við N1 auk þess sem hægt er að margfalda virði punktanna með því að nýta sér regluleg tilboð.

FÖSTUDAGURINN 13.  
ER SANNKALLAÐUR  
HAPPADAGUR FYRIR  
N1 KORTHAFNA.

### FIMMFÖLD N1 PUNKTA- SÖFNUN Í DAG

Þú safnar venjulega 3% í forni N1 punkta en færð 15% í dag  
Þú safnar venjulega 2 punktum af hverjum eldsneytislítra en færð 10 punkta í dag

\*nema af tobaki, timaritum og íslenskrí getspá.

